



# Verkefnastjóri markaðsmála

Ársskýrsla | 2021



---

## Efnisyfirlit

---

Inngangur og helstu kostnaðarliðir.....	3
Hlutverk og markmið.....	4
Regluleg verkefni.....	4
Upplýsingamiðlun.....	4
Heimasíða.....	5
Siteimprov.....	5
Fréttateymi.....	5
Samfélagsmiðlar.....	6
Auglýsingar og kynningarmál.....	10
Markaðsheferðin - Kíktu í heimsókn.....	14
Innri ímynd og staðarsjálfsmynd Reykjanesbæjar.....	18
Markaðsstefna Reykjanesbæjar.....	22
Leiðarljós.....	23

---

## Inngangur

---

Árið 2021 var viðburðarríkt fyrir verkefnastóra markaðsmála. Við höldum áfram með markaðsherferðina “Kíktu í heimsókn” sem heppnaðist mjög vel og hafði jákvæð áhrif á ímynd Reykjanesbæjar.

Nú höfum við loksins opnað heimasíðuna Visit Reykjanesbær þar sem má nálgast margvíslegar upplýsingar um Reykjanesbæ og þá afþreyingu sem þar er í boði fyrir börn og fullorðna. Megintilgangur síðunnar er að kynna Reykjanesbæ fyrir ferðamönnum jafnt sem heimafólki auk þess að vera alhliða vettvangur fyrir verslun og þjónustu. Meðal efnis á síðunni er listi yfir fjölbreytta veitingastaði og gistingu á svæðinu auk upplýsinga um samgöngur. Sérstakur hluti er svo helgaður útivist og má þar til að mynda finna hinar ýmsu gönguleiðir á Reykjanesinu. Á síðunni er viðburðadagatal með yfirliti yfir helstu viðburði sem fram fara í bænum og þar er hægt að senda inn nýja viðburði og upplýsingar til birtingar í dagatalinu.

Það er okkar markmið að Visit Reykjanesbær verði í framtíðinni sá staður þar sem hentugast er að nálgast upplýsingar um Reykjanesbæ þannig að bæjarbúar, gestir og ferðamenn geti notið þess sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða.

Á síðasta ári var ákveðið að hrinda af stað vinnu markaðsstefnumótun fyrir Reykjanesbæ. Að undangegnu útboðs- og matsferli var ákveðið að ganga í samstarf við Brandr vörumerkjastofu sem hefur mikla reynslu af stefnumiðaðri vörumerkjastjórnun og vörumerkjarýni. Verkefnið felst í heilstæðri markaðsstefnumótun og aðgerðaráætlun fyrir Reykjanesbæ. Við lok verkefnisins mun liggja fyrir markaðssetfna og markaðsleg staðfærsla ásamt markvissri aðgerðar- og innleiðingaráætlun til næstu fimm ára. Þetta er mjög mikilvægt verkefni sem mun hafa mikil áhrif á alla markaðstengda vinnu til að efla ímynd Reykjanesbæjar inn á við sem og út á við.

Þetta ferli er á lokametrunum og verður kynnt fyrir öllum sviðum í mars 2022. Ég ber mikla væntingar til þessara stefnu og innleiðing hennar mun breyta markaðsstarfi Reykjanesbæjar til framtíðar.

Það er einnig óhætt að segja að markaðsstarfið á árinu hafi litaðist mikið af Covid enda var mörgum viðburðum frestað eða aflýst. Eldgosið við Fagradalsfjall vakti alheimsathygli og hefur hjálpað til að draga athygli Íslendinga hér suður með sjó en einnig alls heimsins. Það verður seint metið til fjár.



---

## Helstu kostnaðarliðir

---

Verkefnastjóri markaðsmála ber skylda til að fylgja eftir fjárhagsáætlun en helstu kostnaðarliðir fyrir árið 2021 voru þessir:

**Auglýsingabirtingar:** 10.917.973 kr.

**Internetþjónusta:** 478.775 kr.

**Auglýsingastyrkir:** 617.000 kr.

**Markaðssetning án vsk:** 468.720 kr.

**Sérfræðiþjónusta:** 4.995.257 kr.

**Ráðstefnur:** 79.800

## Hlutverk og markmið

Hlutverk verkefnastjóra markaðssviðs er að styðja við uppbyggingu á ímynd og orðspori Reykjanesbæjar með viðeigandi markaðssetningu, vörumerkjastjórnun og boðmiðlun. Markaðssetningin er í takt við stefnu og framtíðarsýn Reykjanesbæjar og felst í markaðssetningu á bæjarfélaginu, viðburðastjórnun og innra markaðsstarfi ásamt því að hlúa að ímynd og vörumerki bæjarfélagsins.

Markhópar sveitarfélag eins og Reykjanesbær eru fjölmargir hópar og hagsmunaaðilar sem þarf að hafa í huga við markaðssetningu. Þetta geta verið íbúar í Reykjanesbæ, íbúar utan bæjarins, starfsfólk fyrirtækja og stofnana innan og utan Reykjanesbæjar, fyrirtækjaeigendur innan og utan Reykjanesbæjar og gestir og ferðamenn sem að heimsækja Reykjanesbæ og Ísland.

Markaðssetning bæjarfélaga er notuð til að ná margs konar markmiðum. Til að byggja upp jákvæða ímynd staðarins, laða að fyrirtæki, ferðamenn, stofnanir, viðburði og fólk. Til að þetta gangi eftir er nauðsynlegt að fara af stað með stefnumiðaða markaðssetningu sem miðar að því að búa til sterkt vörumerki. Markmiðið er að bæta ímynd og orðspor Reykjanesbæjar en ekki síður að fjölga íbúum og efla byggð á staðnum. Besta leiðin til árangurs er að hafa skýra markaðsstefnu og aðgerðaáætlun sem ætlað er að framfylgja markmiðum hennar.

## Regluleg verkefni

Nokkur verkefni sem þarf að sinna með reglubundnum hætti sem tengjast markaðs- og kynningarmálum Reykjanesbæjar.

- Auglýsingar og kynningarmál
- Atvinnutorg
- Menning & viðburðir
- Ritstjórn og umsjón með vefsíðu
- Ritstjórn og umsjón með samfélagsmiðlum Reykjanesbæjar
- Yfirumsjón með markaðsherferðum
- Ytri og innri upplýsingamiðlun
- Upplýsingamiðlun til fjölmiðla

### Stjórnsýsla

- Fréttir
- Samfélagsmiðlar
- Markaðsráðgjöf
- Bæjarfundir
- Jólakort
- Gjafabréf
- Myndatökur
- Auglýsingar
- Fjölmiðlar
- Alþingiskosningar
- Neyðarstjórn

### Fræðsluvið

- Fréttir
- Samfélagsmiðlar
- Markaðsráðgjöf
- Atvinnuauglýsingar
- Birtingaáætlun
- Sjónvarpsauglýsing
- kynningarefni
- Vinnuskólinn
- Menntastefna

### Velferðarsvið

- Fréttir
- Samfélagsgreiningar
- Samfélagsmiðlar
- Atvinnuauglýsingar
- Markaðsráðgjöf
- Veggspjöld
- Allir með!
- kynningarefni
- Lífshlaupið
- Myndbönd
- Við erum öll barnavernd

### Umhverfissvið

- Fréttir
- Samfélagsmiðlar
- Atvinnuauglýsingar
- Markaðsráðgjöf
- Skipulagsauglýsingar
- Fasteignauglýsingar
- Plokkdagurinn
- Fegurstu garðarnir
- Skapandi sumardagar

### Súlan

- Markaðsstefna
- Fréttir
- Heimasíða
- Samfélagsmiðlar
- Markaðsrannsóknir
- Kannanir
- Mælingar
- Fréttateymi
- Atvinnuauglýsingar
- Atvinnutorg
- Menning & viðburðir
- Siteimprove
- Mailchimp
- Starfsáætlun
- PowerPoint kynningar
- Myndatökur
- Sumarstarfsmenn
- Þýðingar
- Markaðsráðgjöf
- Markaðsherferðir
- kynningarefni
- Myndbönd
- Myndabanki

Nokkur dæmi hvernig verkefnastjóri markaðsmála vinnur þvert á öll svið

## Upplýsingamiðlun

Allar upplýsingar sem koma frá Reykjanesbæ eiga að vera áreiðanlegar og byggðar á traustum grunni. Við leggjum áherslu á öflugna samvinnu, upplýsingamiðlun og gott aðgengi að gögnum. Allar upplýsingar eru tiltækar í stafrænu sniði og öll miðlun og lagt er áhersla á að meðferð upplýsinga séu bæði hlutlaus og málefnaleg. Okkar drifkraftur er að halda fólki upplýstu og halda utan um samfélagið.

Heimasíða Reykjanesbæjar er mikilvægasta gáttin í miðlun upplýsinga en hún er einnig andlit bæjarfélagsins við íbúana og umheiminn. Á heimasíðunni má finna upplýsingar er varða almenna starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Leitast er við að miðla þeim til íbúa, fjölmiðla og þeirra sem vilja kynna sér sveitarfélagið. Vefurinn nýtist einnig starfsfólki Reykjanesbæjar þar sem upplýsingar eru aðgengilegar á einum stað, s.s. fundargerðir, stefnumótun, samþykktir, umsóknir, reglur og fréttir úr starfi. Lögð er áhersla að birta ekki persónugreinanlegar upplýsingar eða upplýsingar sem geta haft neikvæð áhrif á viðskiptahagsmunum.


## Heimasíða

Markmiðið er að þjóna notendum sem best og okkur ber skylda að taka tillit til aðgengis á vefnum. Á heimasíðunni eru birtar fjölbreyttar fréttir sem snerta starfsemi, menningu og þjónustu sveitarfélagsins við íbúa. Lögð er áhersla að fjalla jafnt og þétt um veigamikla þætti í starfi Reykjanesbæjar með jákvæðum formerkjum.


## Siteimprove

Siteimprove er notað til notkunarmælinga á vefnum. Við hverja komu inn á vefinn eru nokkur atriði skráð, svo sem tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir, hvaða vafra vefurinn ætti að styðja og finna brotna tengla.

Um margra ára skeið hafa gæði opinberra vefja verið metin og borin saman með reglulegum hætti. Þau atriði sem skoðuð hafa verið hverju sinni hafa breyst í takt við framþróun tækni og venja við framsetningu efnis á vefsíðum. Vefur Reykjanesbæjar er með heildareinkunnina **83.2** sem er ágætis árangur þar sem heildareinkunn á opinberum vefsíðum er **77** að meðaltali.



Heimsóknir á vefsíðu Reykjanesbæjar árið 2021 voru 313.578 en voru 284.843 árið 2020 sem er rúmlega 10% aukning. Bounce Rate (skoppuhlutfall) er rétt rúmlega 60% sem telst vera í meðallagi.



### Gæði efnis

Hér er horft til atriða sem hafa áhrif á upplifun notenda, svo sem stafsetningu, brotna hlekkir, langar setningar, löng orð, hversu læsilegt efnið er, stærð myndna og hvaða tegundir skjala eru á vefnum.

### Aðgengi

Einkunn fyrir aðgengi segir til um hversu vel vefurinn fylgir alþjóðlegum viðmiðunarreglum um aðgengi að efni á vefnum.

### Leitarvélabestun

Einkunn fyrir þennan lið byggir á fjölmörgum svokölluðum SEO-þáttum. En markmið þeirra er að gera vefinn þannig úr garði að hann komi sem best út í leitarvéllum, s.s. Google. Þessi einkunn byggir á því hversu vel tæknileg uppbygging vefs styður þá þætti sem leitarvélur horfa til.

## Fréttateymi

Fréttateymi var sett saman í október 2019. Það er samansett af fólki frá öllum sviðum stjórnsýslunnar. Hlutverk þessa hóps er að finna jákvæðar og áhugaverðar um Reykjanesbæ. Markmiðið fyrir þetta ár er að virkja fréttateymið enn betur enda er það einstaklega vel mannað það skiptir máli út á við að íbúar sveitarfélaganna séu ánægðir og hafi aðgang að uppbyggjandi fréttum frá starfsemi Reykjanesbæjar, enda búa þar yfir 20 þúsund sendiherrar svæðisins. Jákvæður orðrómur er einnig mjög mikilvægur, þar sem fólk er líklegt til að tala vel um sinn heimabæ.

## Meðlimir i fréttateyminu:

### Súlan verkefnastofa:

Gunnar Víður Þrastarson - stjórnandi

### Stjórnsýsla:

Halldóra G. Jónsdóttir

### Velferðarsvið:

Hilma H. Sigurðardóttir

### Fræðslusvið:

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, Haraldur



Axel Einarsson og Hafþór B. Birgisson

### Fjármálasvið:

Regína Fanný Guðmundsdóttir


### Umhverfissvið:

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson




## Tölfræði

Fjöldi fréttu á heimasíðu Reykjanesbæjar fyrir árið 2021 voru **200** innslög. Þetta gera að meðaltal **3.85** fréttir á viku. Facebook fylgjendur eru **6.454** og Instagram fylgjendur eru **1.246**. Stefna markaðsdeildar er að fjölga fylgjendum um a.m.k. **10%** fyrir árið 2022.




Mest lesnu fréttirnar á heimasíðu Reykjanesbæjar árið 2021



Innihaldsgreining frá Credit Info - fréttir um Reykjanesbæ árið 2021

### Umfjöllun effir tegund fjölmiðla yfir tímabilið

Kökurliði sýnir hvernig umfjöllun um Reykjanesbæar skipulist niður á tegund miðla yfir tímabilið. Umfjallanirnar eru alls 1.217.



## Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eins og Facebook og Instagram hafa umbreytt samskiptum fólks á stuttum tíma. Þeir hafa enn fremur breytt starfsháttum stofnana og fyrirtækja að mörgu leyti. Bæjarfélög, stofnanir og fyrirtæki hafa í vaxandi mæli tekið þessa miðla í notkun með það fyrir augum meðal annars að kynna þjónustu sína, miðla upplýsingum og eiga í samskiptum við almenning. Reykjanesbær nýtir samfélagsmiðlana Facebook og Instagram til að miðla fréttum og upplýsingum af heimasíðu Reykjanesbæjar með það að markmiði að auka sýnileika og eiga í gagnvirku samtali við bæjarbúa. Það er afar mikilvægt að rödd almennings fái að heyrast og henni sé svarað. Þar sem efnisval skiptir meginmáli á Facebook þá þarf að vanda til verka og birta áhugavert efni sem á erindi til almennings. Því betra og fjölbreyttara efni því meiri sýnileika fá stofnanirnar og geta þar af leiðandi skapað jákvæða ímynd.

Öll svið Reykjanesbæjar nýta samfélagsmiðla með einum eða öðrum hætti. Þar sem efnisval skiptir meginmáli á Facebook þá þarf að vanda til verka og birta áhugavert efni sem á erindi til almennings. Því betra og fjölbreyttara efni því meiri sýnileika fær Reykjanesbær sem um leið skapar jákvæða ímynd og effir lýðræðislega virkni. Einnig hefur færst í aukanna hjá mörgum sviðum að nýta sér kostaðar auglýsingar á samfélagsmiðlum enda er það mjög hagkvæmt og auðvelt er að nálgast bæjarbúa með þessum hætti eða aðra markhópa þegar það á við.

6.467 fylgjendur


291 póstar

Birtingar 2.430.748

Snertingar 114.866

## Facebook færslur sem vöktu mesta athygli 2021

Dekkun (e. reach) segir til um hlutfall fólks sem sá viðkomandi póst.



# Janúar

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · January 6, 2021 · 3,259 People reached · 561 Engagements · Boost post

Takk fyrir komuna á þrettándaglegði Reykjanesbæjar

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · January 29, 2021 · 2,818 People reached · 514 Engagements · Boost post

Reykjanesbær óskar Myflubakkaskóla til hamingju með fráberan árangur í Lestarreppni grunnskóla.

REYKJANESBÆR IS  
**Frámúrskandi árangur Myflubakkaskóla**  
Myflubakkaskóli fékk verðun fyrir frámúrskandi árangur í Lest...

# Febrúar

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · February 19, 2021 · 1,271 People reached · 182 Engagements · Boost post

Reykjanesbær hefur tekið endurförmgögnun á skuld við LSR Reykjanesbær hefur tekið lánun frá Lánveðið sveitarfélagið í lok...

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · February 3, 2021 · 12,406 People reached · 1,700 Engagements · Boost post

Reykjanesbær setti í dag inn kynningarmyndbönd um allt þróta-askulýs- og tómsundastarf sem er í boði fyrir börn sem búa í sveitarfélaginu inn á www.fristundir.is sem er nýr upplýsingavefur um frístundastarf á öllum Suðurnesjum. Myndböndin eru hluti af samfélagsverkefni Allir með!

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · February 4, 2021 · 625 People reached · 13 Engagements · Boost post

Í Reykjanesbæ er kröftugt barnastarf þar sem öll börn geta að finna eitthvað við allt hæfi. Foreldrar eru minntra á að sækja um viðbótar þróta- og tómsundastyrk fyrir 1. mars 2021 en hann er 45.000 skólar fyrir hvert barn. Hvataugróttunur eru á sínum stað en þær eru 40.000 krónur fyrir hvert barn.

**REYKJANESBÆR IS**  
**Þróta- og tómsundastyrkur**  
Hægt er að sækja um styrk til Reykjanesbæjar vegna þróta- og...

625 People reached 13 Engagements Distribution score Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · February 6, 2021 · 1,254 People reached · 70 Engagements · Boost post

Reykjanesbær óskar starfshóli sínu í leikskólum til hamingju með Dag leikskólans og þakkar þv fyrir fábært starf.

REYKJANESBÆR IS  
**Dagur leikskólans**  
Dagur leikskólans er í dag, laugardaginn 6. febrúar, en þann dag...

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · March 12, 2021 · 3,145 People reached · 523 Engagements · Boost post

Ný frétt frá almennavörnum - Viðbendingar að kvikvangurinn liggi súður af Fagradalsfjalli. Nánari upplýsingar: bit.ly/2ON4ZU

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · March 19, 2021 · 1,343 People reached · 81 Engagements · Boost post

Stofnanir og vinnustaðir Reykjanesbæjar hafa tekið saman árskrýtur vegna 2020 og í þeim sést vel hversu öflugt starf er umnið vega í stjórnsýslu og stofnunum sveitarfélagsins.

REYKJANESBÆR IS  
**Árskrýtur Reykjanesbæjar 2020**  
Hér finnur þú allar fréttir og tilkynningar af viðburðum og þjónust...

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · March 20, 2021 · 1,331 People reached · 57 Engagements · Boost post

Í dag klukkan 14:00 verður upplýsingafundur almanna vegna eiddisins í Geldingardal. Bæjarbúar geta nálgast göðar og mikilvægur upplýsingaúthér: ■ Almennavarnir: https://www.almennavarnir.is/ ■ Loftgæði: https://loftgaedi.is/... See more

**REYKJANESBÆR IS**  
**Eldgos í Fagradalsfjalli/Geldingardal**  
Ekki er talin hætt á ferðum. Upphæði á eldgosinu virðist vera fre...

1,331 People reached 57 Engagements Distribution score Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · March 31, 2021 · 1,382 People reached · 97 Engagements · Boost post

Bæjarbúar eru hvattir til að senda inn skemmtilegar hugmyndir í hugmyndasöfnunina sem var að hefjast - önum þainn óskar betri

REYKJANESBÆR IS  
**Bætri Reykjanesbær 2021 - Hugmyndasöfnun**  
Kosið verður um bestu hugmyndirnar inn á Bætri Reykjanesbær d...

# Apríl

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · April 6, 2021 · 3,225 People reached · 406 Engagements · Boost post

Í vöðali sem bit er í tinarinu Sveitarstjórnarmál fer Kjartan Már Kjartansson meðal annars yfir þá aðildlega bólaflöjun sem hefur átt sér stað í Reykjanesbæ, uppbyggingu innviðs og öðrum um flöjun starfa. Lesa vöðali: bit.ly/3UJSTU

REYKJANESBÆR IS  
**SVEITARSTJÓRNARMÁL**  
Minnur vonandi sigla hratt upp úr öldulalunum

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · April 7, 2021 · 409 People reached · 16 Engagements · Boost unavailable

Rýmingsáætlun Reykjanesbæjar bar sem skilgreindir eru fittaleiðir úr barnum ásamt fleiri mikilvægum upplýsingum.

REYKJANESBÆR IS  
**Rýmingsáætlun Reykjanesbæjar**  
Í framtíð af jarðbræringum á Reykjanesi hafa verið unnar rýmin...

**Reykjanesbær**  
Published by Sara Jóhanna Jónsdóttir · April 9, 2021 · 4,203 People reached · 424 Engagements · Boost post

Lýðheilsustofna Reykjanesbæjar er í landi stefna sem er endurskoðað síngja. Stefnan birtir áherslur á bæjarstjórn næstu tíu árin.

REYKJANESBÆR IS  
**Lýðheilsustofna Reykjanesbæjar**

**Reykjanesbær**  
Published by Haldró Barði Birgisson · April 21, 2021 · 2,118 People reached · 83 Engagements · Boost post

Ungmennaráð Reykjanesbæjar fundaði með Bæjarstjórn Guðbrandur Einarsson forseti bæjarstjórnar setti fundinn sem fór fram í fundastofu Bæjarstjórnar, Marknesi í Hjólshölli. Á fundinum héldu 11 ungmenni úr Ungmennaráðinu stutt erindi um málefni sem þeim fannst mikilvægt að vekja athygli á... See more

# Maí

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · May 5, 2021 · 3,225 People reached · 406 Engagements · Boost post

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skorar á heilbrigðisráðherra að tryggja starfsemi rýnnar heilbrigðisráðherra í Suðurnesjum sem alltaf fyrst og alltaf ekki seinna en 1. október 2021.

REYKJANESBÆR IS  
**Bæjarstjórn skorar á heilbrigðisráðherra**  
Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skorar á heilbrigðisráðherra að trygg...

**Reykjanesbær**  
Published by Guðlag Marís Lewis · May 6, 2021 · 409 People reached · 16 Engagements · Boost unavailable

Glæfoga hélið. BAUN, barna- og ungmennahátið hófst í dag með opnun Listahátíðar barna og ungmenna í Dúas Safnahúsum. Verið velkomið þangað.

REYKJANESBÆR IS  
**BAUN - barna- ungmennahátið** | Reykjanesbær  
May 5, 2021 · 409 People reached · 16 Engagements · Boost unavailable

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · May 14, 2021 · 754 People reached · 23 Engagements · Boost post

Þeir eru flottir þessir þrjátíu Keflavíkstrákar sem dripluðu hálfan bælin.

REYKJANESBÆR IS  
**Keflavíkstrákar dripluðu hálfan bæinn**  
Í síðustu viku fóru hátt í 30 drengir í minibolta 8-9 ára í Keflavík í...

# Júní

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · June 9, 2021 · 1,150 People reached · 220 Engagements · Boost post

Kosningu í lýðræðisverkefni Bætri Reykjanesbær er lokað. Alls báru 3.484 atvæði báru 27 verkefni sem kosuð voru um og ánægulegt hversu margir tóku þátt. Smellið á flötina til að sjá úrslit.

REYKJANESBÆR IS  
**Hiðurstóur lífakosningar**  
Kosningu í lýðræðisverkefni Bætri Reykjanesbær er lokað. Alls b...

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · June 16, 2021 · 1,083 People reached · 682 Engagements · Boost post

Hjónhátíðardagur Íslandslinga verður haldinn hátíðlegur með nokkuð óhefðuðinu inni í ár vegna þessra lýðræðismarknaða sem enn eru í gildi. Það verður fullt af skemmtilegum viðburðum - smellið á flötina og skoðað skemmtidagrárana sem verður á fjórnum stöðum í bænum.

REYKJANESBÆR IS  
**17. júní dagskrá**  
Hjónhátíðardagur Íslandslinga verður haldinn hátíðlegur með nokku...



# Júlí

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · July 2, 2021

Umhverfis- og skipulagsráð vill leita til bæjarbúa um tillögur að götunöfnum fyrir nýtt Dalshverfi. Vöð hvetum alla til að taka þátt, sérstaklega ef þú lumar á góðri hugmynd.

**Götunöfn fyrir nýtt Dalshverfi**  
Lumar þú á góðri hugmynd?

REYKJANESBÆR.IS  
Nafnalekur fyrir Dalshverfi  
Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar vill leita til bæjarbúa...

801	388	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · July 6, 2021

Hughrif í Bæ  
July 6, 2021  
Reykjöggin okkar er mættur aftur! Mig langar til þess að segja frá því hvernig hugmyndin um að setja regnbogafarnam vöð ráðhúsið varð til. Í fyrirsaman árið 20... See more

3,032 339 - Boost unavailable

# Ágúst

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · August 5, 2021

Covid ferðalögin hafa haft mikið áhrif á hátíðahald um land allt og á það einnig við um Ljósanöf. Hér er tilkynning frá stýrðhóp Ljósanöf.

Hvað verður um Ljósanöf?  
Stýrðhópur Ljósanöfur í Reykjanesbæ fylgist grannr með þróun...

2,270	702	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · August 11, 2021

Sumarfundur Ríkisstjórnarinnar var haldin í Dósa Safnahúsum í gær. Það er óhætt að segja að sumarið leiki við þingmenn hér í Reykjanesbæ.

REYKJANESBÆR.IS  
Koski í Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
Í aðþingiskösinum laugardaginn 25. september 2021 munu kj...

2,521	214	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

# September

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · September 3, 2021

Hann á Ágúst sí. fæddist lítil drengur á Landspítalanum og var hann tuttugubúsdasti íbúi Reykjanesbæjar.

REYKJANESBÆR.IS  
Tuttugubúsdasti íbúi Reykjanesbæjar fæddur  
Hann á Ágúst sí. fæddist lítil drengur á Landspítalanum og var h...

2,210	541	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · September 22, 2021

Í aðþingiskösinum laugardaginn 25. september 2021 munu kjösendur í Reykjanesbæ greiða atkvæði í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Jafnrétti hatar götum verð deilt á kjósendur eftir starfslömb og er kjösendu bent á að kynna sér í hvaða kjördæld þeim ber að kjósa á vef Reykjanesbæjar.

REYKJANESBÆR.IS  
Koski í Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
Í aðþingiskösinum laugardaginn 25. september 2021 munu kj...

843	214	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

# Október

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · October 5, 2021

Í dag hefst ferðaþjófsefning Vestvordinn í Reykjanesbæ. Sýningarbáar hafa verið settar upp í Hlímanólinum þar sem haldin eru stuttir vöskufundir. Þá er erlendum kaupendum ferðabúðunna boðið í kynningarferðir um Reykjanesbæ og Reykjanesbæ.

REYKJANESBÆR.IS  
Vestvordinn í Reykjanesbæ  
Rafmagnslaus við Hringbraut  
Þú getur notað Google til að byrja þessa vefsíðu. Við tókum enga...

653	62	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · October 16, 2021

Reykjanesbær, ásamt 38 fyrirtækjum, 6 sveitarfélögum og 8 öðrum allum hlaut viðurkenningu Jafnvægisvögrinnar, vörðvefverkefni FKA.

REYKJANESBÆR.IS  
Viðurkenning Jafnvægisvögrinnar  
Jafnrétti er skvörðun – Reykjanesbær hlaut viðurkenningu Jafnv...

2,823	184	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · October 28, 2021

Á laugardaginn var haldin opnunarhöf Stöspaskóla þar sem gestum og gangandi var boðið að koma og skoða skólabygginguna. Dagurinn hófst á formlegum erindum og tónlistaratriðum þar sem nemendur Stöspaskóla léku á hlóðfötur og sungu fyrir gesti. Heigi Amanson fráslustjóri hélt ávarp og Jón Jónsson tónlistarmaður lokaði dagkránni með miklum krafti. Fjöldi fólks mætti á opnunarhöfina eins og sjá má á þessum myndum.

REYKJANESBÆR.IS  
Íbúar á Suðurnesjum ánægðir með búsetu  
Nýverið kom út skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands s...

4,451	935	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

# Nóvember

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · November 9, 2021

Vegna viðhaldsinnis út frá dreifistöð við Hringbraut 74 Reykjanesbæ 10. nóvember er drákvæmlegt að fasteignir sem tengtast viðkomandi stöð verði án rafmagns á meðan vinna stendur. Smellið á reitina til að skoða á korti hvert þetta á við þitt höfnæði.

REYKJANESBÆR.IS  
Rafmagnslaus við Hringbraut  
Þú getur notað Google til að byrja þessa vefsíðu. Við tókum enga...

1,670	155	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · November 22, 2021

Súlan, menningarverðlaun Reykjanesbæjar fyrir árið 2021, var afhent við hátílega athöfn í Dósa Safnahúsum laugardaginn 20. nóvember. Verðlaunin eru veitt þeim sem stutt hafa verið við menningarlegt sveitarfélögin og var þetta Turtagasta og frimta sína sem Súlan var afhent. Að þessu síni hlaut Júlíus Freyr Guðmundsson verðlaunin fyrir framskipti til tónlistar og leiklistar í Reykjanesbæ. Náðast umföllum um þennan skemmtilega vöðbur má finna í fréttinni hér fyrir neðan.

REYKJANESBÆR.IS  
Júlíus Freyr hlýtur Súlna 2021  
Súlan, menningarverðlaun Reykjanesbæjar fyrir árið 2021, var afh...

992	667	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · November 24, 2021

Íbúar eru almennt ánægðir með búsetu á Suðurnesjum og segja góðan anda í sveitarfélögum. Nýverið kom út skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem vinnu rannsöku fyrir sveitarfélög Suðurnesja. Skýrslan ber heitið Samfélagsþróing og Suðurnesjum. Lífsgæði, lífan og vitan íbúa. Rannsóknarniðurstöður sýna svo ekki verði um villst að skýr tengsl eru á milli virks og lífan. Þeim mun virkari sem íbúar eru þeim mun betur líður þeim og þeim mun líklegri til frekara virks... See more

REYKJANESBÆR.IS  
Íbúar á Suðurnesjum ánægðir með búsetu  
Nýverið kom út skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands s...

738	129	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

# Desember

**Reykjanesbær**  
Published by Guðlaug María Levíð · December 12, 2021

Um að gera að líta við í Adventugörðum í dag. Opnið til kl 17

THU, DEC 23, 2021  
Adventugörðum í Reykjanesbæ  
Keflavík  
0 West -2,311 Interest

1,013	49	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost unavailable

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · December 16, 2021

Skautavæðing í Adventugörðum opnar um helgina. Um helgina berast plöng og spennandi vöðbur við Adventugörðum í Reykjanesbæ þegar Adventusvæðing verður tekið í notkun en það verður staðsett í skruðgöðum í Keflavík.

REYKJANESBÆR.IS  
Adventusvæðing opnar í Adventugörðum  
Um helgina opnar skautavæðing við Adventugörðum í Reykjanesbæ

1,029	165	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

**Reykjanesbær**  
Published by Gunnar Víðir · December 23, 2021

Í gærkvöld voru veitt verðlaun fyrir best skreyttu hús og fjölbýlishús Reykjanesbæjar að mati bæjarbúa. Fin þáttaka var í skemmtilegum jólaeik og vefsíðunni Betri Reykjanesbær nú á adventinni þegar íbúar getu línefrí og greitt atkvæði þeim hús sem þeim þóttu hvað best skreytt. Samkeppnin um eftis sætið reyndist afar hörð og var því tekið ákvörðun um að úrvalna hús sem best skreyttu hús bæjarins en það eru húsnið við Heiðarbrún 4 og Vallars 3. Eigendur húsnanna hlöt... See more

REYKJANESBÆR.IS  
Íbúar á Suðurnesjum ánægðir með búsetu  
Nýverið kom út skýrsla Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands s...

4,188	1,733	-	
People reached	Engagements	Distribution score	Boost post

## Deiliskipulag

Markaðsdeild sér um uppsetningu og umsýslu á birtingum á skipulagsauglýsingum. Samkvæmt reglugerð þarf kynning fyrir almenningi vera með áberandi hætti, svo sem með birtingu auglýsingar í viðlesnu dagblaði, með dreifibréfi eða á íbúafundi sem hefur verið auglýstur, eftir því sem efni lýsingar gefur tilefni til. Kynna skal lýsingu svæðisskipulagsverkefnis á vefsíðu sveitarfélaganna. Þessar skyldur uppfyllum við með því að birta skipulagsauglýsingar í Víkurfréttum sem er mest lesna blaðið á Suðurnesjum. Einnig eru allar þessar upplýsingar birtar á heimasíðu Reykjanesbæjar.

## Menning & viðburðir

Í hverjum mánuði fer fram fjöldinn allur af alls konar viðburðum á vegum menningarhúsanna í Reykjanesbæ. Árið 2021 var tekin sú ákvörðun að birta eina auglýsingu í mánuði með samantekt á helstu viðburðum sem eru í gangi. Þannig hafa bæjarbúar betri yfirsýni yfir þá viðburði sem eru í boði hverju sinni. Alla viðburðardagskrána má sjá á vefsíðunni Visit Reykjanesbær

Samhliða þessari auglýsingu er send út rafræn dagskrá í gegnum MailChimp á skráða áskrifendur. Áskrifendur eru núna í kringum 1.400 einstaklingar en markmiðið er að ná þeirri tölu í 2.000 fyrir lok næsta árs.

### Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035

Reykjanesbær kynnr vinnslutillögu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 30. gr. skipulagslaga.

Reykjanesbær kynnr vinnslutillögu Aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020-2035 samkvæmt 30. gr. skipulagslaga.

Vinnslutillagan er aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar frá og með 2. september til 20. september 2021. Þeim sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Fræstur til að skila inn athugasemdum er til 20. september 2021. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ eða á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is)

Fundurinn verður einungis rafrænn en náðari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu Reykjanesbæjar og Facebook.

### Rafrænn Íbúafundur um skipulagsmál

Fimmtudaginn 19. ágúst frá kl. 18:00 til 19:00

Breyting á deiliskipulagi saltgeymslulóðar við Hafnargötu 81-85

Í gildandi deiliskipulagstillögu er núverandi saltgeymsla (farlægð og heimilt er að reisa þrjú fjölbýi á lóðinni. Breytingin felst í að halda saltgeymslunni sem þjónustuhúsnæði og reisa tvö hóbýi á lóðinni.

Fræstur til að skila inn athugasemdum er til 21. ágúst 2021. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða á netfangið [skipulag@reykjanesbaer.is](mailto:skipulag@reykjanesbaer.is)

Fundurinn verður einungis rafrænn en náðari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu Reykjanesbæjar og Facebook.

## Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Umhverfismiðstöð - Verkamaður/verkstjórn  
Umhverfismiðstöð - Verkamaður  
Myllubakkaskóli - Kennari á miðstigi  
Ösp sérdeild - sérkennari/proskaþjálfari  
Velferðarsvið - Ráðgjafarproskaþjálfari  
Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónustustarf við líðaevilsu

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt náðari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn

## Velkomin á íbúafund

Deiliskipulagstillaga fyrir Hafnargötu, Klappargötu og Tjarnargötu.

## Auglýsingar og kynningarmál

Öll stjórnarsýsluvið Reykjanesbæjar hafa nýtt sér þann möguleika að vinna auglýsingar og markaðsherferðir hjá markaðsdeild Súlnunnar. Við getum ekki unnið öll verkefni frá grunni en höfum þá leitað til undirverktaka og stýrt verkefnum tryggja að allt markaðs- og kynningarefni sé samkvæmt hönnunarstaðli Þetta er gert til að samhæfa og stílhreina framsetningu gagna og kynningarefnis.

## Atvinnuauklýsingar






Í hverri viku eru birtar atvinnuauklýsingar í Víkurfréttum frá Reykjanesbæ. Stærðin er stöðluð eða 9,9x10 sm. Reglulega þarf að setja upp stærri auglýsingar þegar um er að ræða atvinnuúrræði, mörg störf fyrir ákveðið svið eða störf sem þurfa meiri athygli í fjölmíðlum

# REYKJANESBÆR

# MENNING & VIÐBURÐIR

## Viðburðir í desember

Jólin, jólin alls staða! Það er af nægu af tóka af viðburðum í desember sem flestir tengjast jólum á einn eða annan hátt. Aðventugarðurinn verður opin allar helgar í desember og á Þorlák, jólastofan í Duus Safnahúsum er kjörin til að eiga notalegar fjölskyldustundir og í Bókasafninu er m.a. boðið upp á umhverfisvæna innþökkunarstöð, bréfmaraþon Ammesty International og margt fleira skemmtilegt. Þó eru nýjar sýningar í Listasafninu, í Hljómahóli mun Ari Eldjárn koma hlífutöngur gesta og loka mun Hljómsveitin Valdimar halda sína árlegu áramótatónleika sem enginn ætti að missa af.

<b>Aðventugarðurinn</b> ÓPÍD UM HELGAR FRAM AÐ JÓLUM 1-23 DESEMBER   DUUS SAFNAHÚS	<b>Jólabíburðir í Duus</b> 16. DESEMBER   HJÓMMAHÓLL	<b>Áramótaskop</b> 16. DESEMBER   BÓKASAFNID
 <p>Njótið þess að rólta um Aðventugarðinn, fæst þú endu jólanum og gæta þú þess þú fólaklómur. Þessar upplýsingar verða í gæðum alla opningardagana og jóla-sveinar líta við. Öppu um helgar frá 13-17 og á Þorlákssveit frá 16-22</p>	 <p>Egð notalega stund í jólamíðum jólastofu í Duus Safnahúsum og láttu til missata og kramstu á til að steyta þessu. Einnig gæta gætt mátt þú ríndu og láttu að gjöfku jólaevinnunum sem hafa láttu sig um fílað. Öskunni afþingir í jólamíðum.</p>	 <p>Ekki missa af þessu einstaka Áramótaskopi Ari Eldjárn í Hljómahóli. Þessi sýning er einstök og mun óskiljanlega vera lögð á að hvaldið á með afþreyinglegum hætti. Bláand við smáð einu. Miða er hægt að kaupa á tík.</p>
<b>Smá brot</b> 1-23 DESEMBER   BÓKASAFNID	<b>Vistvæn jól</b> 1-23 DESEMBER   BÓKASAFNID	<b>Bréfmaraþon</b> 3-18 DESEMBER   BÓKASAFNID
 <p>Smá brot, kólar og tilgáfa í Suðurnesjum með jóla-vísi. Sýning í Antiquaríu Bókasafns Reykjanesbæjar hefur að geyma sölu af jóla-vísi, sír eiga safnins, kringlum öðrum Reykjanes. Sýning sem vert er að skoða.</p>	 <p>Íslagjafa innþökkunarstöð</p>	 <p>BRÉF TIL BJARGAR LÍFI</p>
<b>Skrápur / Second skin</b> LISTASAFN REYKJANESBÆJAR	<b>Rafræn leiðsögn</b> LISTASAFN REYKJANESBÆJAR	<b>Áramótatónleikar</b> 30 DESEMBER   HJÓMMAHÓLL
 <p>Við kynnum sýninguna Skrápur með öðrum ljóðum og ljóðum Ari Eldjárn. Sýningin hefur um ríða og hlífur skráðu í heimum. Þessi sýning er hafa gert málari þú hvaldið og ótala sem af því þú og velkomin til í þessu sýningum.</p>	 <p>Listasafnið býður upp fyrir rafrænn leiðsögnir í desember. Þú verður fílað um ferli listamanna Igar Ari og Hljómsveitir íslensku. Einnig verður fílað um sýningu þessu Skrápur. Fylgt með á síðum Listasafns á Facebook og Youtube.</p>	 <p>Þessi tónleika sýningin Valdimar hefur áramótatónleika í Steppi í Hljómahóli 30. desember. Tónleikarnir hefur kl. 20:00 og opnar kl. 19:00. Miða er hægt að kaupa á tík.</p>

Alla dagskrána með náðari upplýsingum má finna á heimasíðu Reykjanesbæjar

Einnig er hægt að skrá sig á póstlista á heimasíðu Reykjanesbæjar og fá senda rafræna dagskrá einu sinni í mánuði með öllum viðburðum á vegum menningarhúsa bæjarfélagsins.

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)

## Kennarastöður

Fræðsluvið Reykjanesbæjar vildi aftur fara af stað með auglýsingaherferð sem hefur þann megintilgang að sýna Reykjanesbæ sem ákjósanlegan og eftirsóknarverðan kost fyrir kennara. Markaðmiðið er ekki síður að sýna Reykjanesbæ í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi.

Auglýsingastofan Alpha Agency var valin til samstarf og ánægjulegt að geta notað aðila sem erum með starfsemi sína í Reykjanesbæ. Núna var takið annað skref í þróun á þessari markaðsherferð og fókusinn settur á leikna sjónvarpsauglýsingu. Við fengum í lið með okkur kennara og nemendur úr Stapaskóla en við fengum að taka nokkur myndskot úr kennslustundum sem notaður voru í auglýsinguna. Myndefnið kom mjög vel út en skilaboðin voru í formi spurninga. Vilt þú starfa í fjölskylduvænu samfélagi sem setur börnin í fyrsta sæti. Langar þig að starfa í sveitarfélagi sem nýtir kosti fjölbreytileikans þar sem allir eru með? Langir þig að móta framtíðina með okkur í framsæknu skólasamfélagi? Sæktu um lausar stöður hjá Reykjanesbæ.

Var almenn ánægja með þessa stuttu markaðsherferð sem mörgum þótti gefa mjög jákvæða ímynd af Reykjanesbæ og því starfi sem er unnið þar fyrir börn og unglinga. Það bærust 474 umsóknir sem eru mun fleiri en undanfarin ár.

## Plokkdagurinn

Stóri Plokkdagurinn var haldin 24. apríl og er sannarlega orðin einn af vorboðunum í Reykjanesbæ. Íbúar Reykjanesbæjar voru hvattir til að taka þátt. Markaðsdeild hannaði heilsíðuauglýsingu, birti frétt og deildi á samfélagsmiðla.

## Lífshlaupið

Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta.

Að þessi sinni var Magnús Scheving fengin til að hefja Lífshlaupið með rafrænum fyrirlestri um mikilvægi hreyfingar og hollustu. Þetta mældist vel fyrir og þátttakan í Lífshlaupinu var mjög góð.



að starfa í fjölskylduvænu sveitarfélagi



STÓRI PLOKKDAGURINN  
LAUGARDAGINN 24. APRÍL

# KOMDU ÚT AÐ PLOKKA

Að plokkar bærarfélagið okkar og náttúru en víða er mikið af plasti og öðru rusli eftir mjög stormasaman vetur. Núna er rétta tækifærið til að sópa og hreinsa sitt nærumhverfi og gera fallega bæinn okkar snyrtilegri fyrir sumarið.

### Fimm söfnunaraðir

Umhverfissvið Reykjanesbæjar verður með fimm söfnunaraðir sem verður dröft um bærarfélagið. Náðar upplýsingar um þá má finna á heimasíðu Reykjanesbæjar og Facebook.

Reykjanesbær leggur áherslu á að nýta kraft fjölbreytileikans til að auka lífgæði og vellíðan fóka, ásamt því að byggja upp vistvænt og aðlaðandi samfélag. Markmið er unnið í átt að sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir og stefna í umhverfismálum sem er tengd Heimsmarknum Sameinuðu þjóðanna.

### Nokkur góð plokkráð

- Klæðja sig eftir veðri
- Hættar sem hella áskorðum
- Finna sér „plokka“ eða tölu
- Finna sér poka, helst glæra
- Velja svæði og fara af stað
- Vista sörpi á viðgengandi söfnunaraðir
- Deila myndum á samfélagsmiðlum
- Virða tveggja metra regluna
- Líta sér líða vel í hjertanu

Merkjum allar myndir  
#rnbplokk



Umhverfissvið Reykjanesbæjar hvatur alla íbúa til að taka þátt í þessu skemmtilega átaki.

Náðar upplýsingar um viðburðinn má finna á Facebook og [www.reykjanesbær.is](http://www.reykjanesbær.is)



Laugardagur 24. apríl  
**Lífshlaupið**  
[www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)



**LÍFSLAUPIÐ HEFST 3. FEBRÚAR**

Lífshlaupið - landskeppni í hreyfingu hefst miðvikudaginn 3. febrúar. Við þetta tækifæri mun Reykjanesbær bjóða upp á fyrirlestur frá Magnúsi Scheving um mikilvægi hreyfingar og hollustu. Hægt verður að nálgast streymi á heimasíðu Reykjanesbæjar frá og með 1. febrúar.

**ÞÚ GETUR UNNIÐ ÞÁTTTÖKUVERÐLAUN AÐ VERÐMÆTI 50.000 KR.**

Þeir sem taka þátt í Lífshlaupinu geta unnið þátttökuvæðinguna að upphæð 50.000 krónur frá Betri bæ. Skráning fer fram á vefnum Betri Reykjanesbær ([betrireykjanesbær.is](http://betrireykjanesbær.is))

Fyrirlesturinn er í búið Samtökahúsinu (þveggjalega forvarnarskipa) á vegum Reykjanesbæjar og vil þú hjartanlega studda, ánægjulega og firtuastu í að taka þátt í Lífshlaupinu 2021. Ástæðan fer fram á heimasíðu verkefnans, [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is).

## Frístundastyrkur

Meðal aðgerða stjórnvalda vegna Covid-19 er styrkur sem hægt er að sækja um til sveitarfélaga vegna íþrótt- og tómsundastarfs barna. Styrkurinn er veittur vegna barna sem eru fædd á árunum 2005–2014 og búa á heimilum þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði.

Blásið var til markaðsherferðar til að ná til sem flestra í Reykjanesbæ. Fókusinn var ekki síður á bæjarbúa af erlendum uppruna en það hefur reynst erfiðara að ná til þeirra með skilaboð sem þessi. Því var tekin sú ákvörðun að hanna veggspjöld sem voru hengd víða um Reykjanesbæ. Auglýsingar voru birtar í Víkurfréttum og kostuð herferð á samfélagsmiðlum á þremur tungumálum.

Vissulega hefðum við viljað ná meiri árangri en 345 af þeim 889 sem höfðu rétt á styrkjunum nýttu sér það. Það verður samt ekki litið fram hjá því að Reykjanesbær var með hæsta hlutfall þeirra sem þáðu frístundastyrkinn fyrir börnin sín.

Are you entitled to a grant?

If your child is aged 6-15, he or she could be entitled to a special leisure activity grant of:

**45.000 kr.**



Należy ci się dotacja?

Jeśli masz dziecko w wieku 6-15 lat które uprawia sport lub bierze udział w spotkaniach rekrutacyjnych może otrzymać dofinansowanie w wysokości:

**45.000 kr.**



# Gætir þú átt rétt á styrk?

Ef þú átt barn á aldrinum 6-15 ára gæti það átt rétt á sérstökum íþrótt- og frístundastyrk að upphæð:

**45.000 kr.**

Styrkurinn er veittur vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi líkt og íþróttæfingum, tónlistarnámi, skátastarfi, námskeiðum í listum, sjálfstyrkingu og fleira. Kynntu þér málið á vef Reykjanesbæjar eða hafðu samband við þjónustuverið okkar í síma **421 6700**. Umsóknarfrestur rennur út **1. mars 2021**.



# Atvinnuauglýsingar

Fyrir utan vikulegar prent birtingar á atvinnuauglýsingum í Víkurfréttum þá þarf stundum að vekja enn meiri athygli á vissum störfum. Atvinnuauglýsingar Reykjanesbæjar eru margar enda yfir 1.000 starfsmenn sem vinna hjá bænum. Hér má sjá hluta af þeim fjölmörgu störfum sem voru auglýst á síðasta ári.



## Bæjarlögmaður hjá Reykjanesbæ

Reykjanesbær leitar að metnaðarfullum leiðtoga í starf bæjarlögmanns. Bæjarlögmaður heyrir undir bæjarstjóra, situr í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og stýrir þeim málaflokkum er heyrir undir skrifstofu stjórnvalda. Mikilvægt er að viðkomandi þou yfir frumkvæði til að ná árangri í starfi og skoti teymiáttugum einkennum bæjarlögmanns ásamt staðfestu, sveigjanleika og vöðum. Markmið bæjarlögmanns Reykjanesbæjar er að sjá til þess að vönduð stjórnvalda sé viðhöf hjá sveitarfélaginu og tryggja að starfsemi og ferlar bæjarins falli að lögum og reglum og að þeim sé fylgt í hvívetna í störfnum bæjarins.

Á skrifstofu stjórnvalda starfa stjórnendur og sérfrævingar sem sinna m.a. mannaásmálum, jafnréttismálum, skjalastjórnun, persónuverndarmálum, gæðamálum og upplýsinga- og tæknimálum.

Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni og mikilvægt er að viðkomandi endurspegli þau gildi í sínum störfum.

### Helstu verkefni:

- Er yfirmáður skrifstofu stjórnvalda og sinnir daglegri stjórn skrifstofunnar.
- Ansat málflutning og aðra hagsmunagæsla fyrir hönd Reykjanesbæjar.
- Er umsagnaráðli í lögfræðilegum efnum gegnvarf bæjarráði og bæjarstjórn.
- Aðstoðar svið og deildir við skjala- og samningagerð og túlkun lagaákvæða og reglugerða.
- Veitir öllum sviðum og störfunum lögfræðilega ráðgjöf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennifærsla eða meistaraþrátt í lögfræði.
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi.
- Málflutningsréttindi fyrir Landsrétti kostur.
- Reynta af málflutningi.
- Leiðtogaþæfileikar og farsæl stjórnunarskylda.
- Mjög góð þekking og reynsla í opinberri stjórnvalda, stefnumótun, samningagerð og rekstri.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf.
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd Reykjanesbæjar og tjá sig vel í ræðu og riti á íslensku og ensku.

Sótt er um á vef Reykjanesbæjar, [www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is), undir Laus störf. Umsóknarfrætur er til og með 12. júlí 2021.

Umsóknur skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með röðstúningum um hæfni viðkomandi í starfi. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, í gegnum netfangið [kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is](mailto:kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is) og í síma 421-6700. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Reykjanesbær  
Tjarnagötu 12  
230 Reykjanesbær  
Sími: 421 6700  
[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)  
[reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](mailto:reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)



## Viltu vinna með litlum snillingum?

Reykjanesbær óskar eftir áhugasömum umsækjendum um leyfi til dagsskólunnar barna í heimahúsum.

Upplýsingar má sjá inni á heimasíðu Reykjanesbæjar. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi í síma 421-6700.



## Safnstjóri Bygðasafns Reykjanesbæjar

Reykjanesbær leitar að metnaðarfullum safnstjóra í Bygðasafn Reykjanesbæjar. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem er sjálfstærður vinnuhöfugur, skjalagædur og býr yfir gagnrýnni hugkun. Viðkomandi þarf að vera skapandi og hafa frumrúskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Bygðasafnið varðveitir sögu og er vertvangur allra þeirra sem hafa áhuga á minjum bæjarfélagsins. Safnið starfar eftir safnhöfugum og leið vörðveittu safni í samræmi við skilyrði safnsafns. Gildi Reykjanesbæjar eru virðing, eldmóður og framsækni og mikilvægt er að viðkomandi endurspegli þau gildi í sínum störfum.

### Helstu verkefni:

- Mikil stöðu um starfsemi safnsins
- Bar ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins
- Góð þekking á stjórnun, rekstri og fjárhagsáætlunum
- Bar ábyrgð á gættum og gæri umskotum um styrki til starfsemi
- Stýrir undirbúningi og uppsetningu á sýningum
- Bar um umgætu og tilíska safnsins
- Markaðssetning og samvinnu við aðrar stofnanir
- Hefur mannafarð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskómenntun sem erfið í starfi t.d. á sviði menningargætu og/öðru safnafræði
- Góð þekking á stjórnun, rekstri og fjárhagsáætlunum
- Reynta af safnafræði kostur
- Stjórnandi- og leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og skjalagæfni
- Skapandi þekking og reynsla af sýningahætti og miltun er kostur
- Hæfni til að selja fram mál ræðu og riti á íslensku og ensku
- Góð tölufræði og færni í mannlegum samskiptum
- Hefur mannafarð

Umsóknarfrætur er til og með 22. ágúst 2021. Skilyrði er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru í samræmi við samning Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stættarfélag.

Sótt er um á vef Reykjanesbæjar, [www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is), undir Laus störf. Umsóknum skal fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi með röðstúningum um hæfni viðkomandi í starfi. Öllum umsóknum verður svarað. Frekari upplýsingar um starfið veitir Rórnísa Ósk Halgadóttir, í gegnum netfangið [thorvald.schjodder@reykjanesbaer.is](mailto:thorvald.schjodder@reykjanesbaer.is) og síma 421 6700.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.



Reykjanesbær  
Tjarnagötu 12  
230 Reykjanesbær  
Sími: 421 6700  
[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)  
[reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](mailto:reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)



REYKJANESBÆR  
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS

Má bjóða þér

## Þátttöku í spennandi tækifærum til framþróunar velferðarþjónustu hjá Reykjanesbæ?



Reykjanesbær hefur einsett sér að auka lífsgæði og veita íbúum jöfn tækifæri til heilbrigðs lífs og vellíðunar.

## Við leitum að 7 öflugum og framsæknum sérfræðingum:

### Sérfræðingur í framliðþjónustu:

Nýtt tímabundið starf til eins árs við innleiðingu á nýju vinnulagi með starfsfólki í framliðþjónustu sveitarfélagsins og stafrænum lausnum.

### Félagsráðgjafi í barnavernd:

Starfið felur í sér þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu barnaverndarstarfs sveitarfélagsins með áherslu á að veita börnum og fjölskyldum þeirra frumrúskarandi þjónustu.

### Tveir félagsráðgjafar í þjónustu við flóttafólk:

Ný störf við mótn nýs vinnulags í þjónustu við flóttafólk sem er að stíga sín fyrstu skref í íslensku samfélagi.

Reykjanesbær er fjórða fjölmennasta sveitarfélag á Íslandi með tæplega 20.000 íbúa og ríflega eitt þúsund starfsmenn í fjölbreyttum störfum. Stærð sveitarfélagsins, fjölbreytni íbúasamsetningar og fjöldi starfsmanna skapar spennandi tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni þar sem hver og einn fagmaður fær tækifæri til að nýta styrkleika sína á grunni gilda sveitarfélagsins, sem eru virðing, eldmóður og framsækni.

Reykjanesbær  
Tjarnagötu 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)  
[reykjanesbaer@reykjanesbaer.is](mailto:reykjanesbaer@reykjanesbaer.is)

## Markaðsherferðin Kíktu í heimsókn

Markaðsherferðin „Kíktu í heimsókn“ gekk vel á síðasta ári. Þá var Reykjanesbær kynntur sem áhugaverður kostur fyrir ferðafyrsta Íslendinga. Markmiðið var að fá fólk af höfuðborgarsvæðinu til að koma í dagsferðir til Reykjanesbæjar og jafnvel gista í nokkrar nætur.

Samkvæmt könnun MMR fyrir árið 2020 þá ætluðu 5% Íslendinga að heimsækja Reykjanes á síðasta árið 2021. Könnun frá Gallup á þessu árið 2021 sýnir að rúmlega 13% Íslendinga ferðuðust hingað. Það er augljóst að mun fleiri heimsóttu Reykjanesbæ en spár gerðu ráð fyrir og það eru miklar líkur á því að markaðsherferðin „Kíktu í heimsókn“ hafa haft þar áhrif.

## Leikurinn endurtekinn

Það er mat verkefnastjóra markaðsmála að árangurinn af þessari stuttu markaðsherferð sumarið 2020 hafi verið mjög góður. Heimsóknir á heimasíður og söfnin sýna það greinilega. Á þessum forsendum var sótt aftur um aukafjárveitingu til að halda þessari markaðsherferð áfram. Bæjarráð samþykkti þessa aukafjárveitingu og aftur var haldið af stað.

Markmiðið var að fjárfesta í birtingum a.m.k. fyrir sömu upphæð og á síðasta ári. Við hækkuðum fjármagn í markaðssetningu á netinu og útvarpinu en þeir miðlar reyndust vel í fyrra þar sem fólk var mikið á ferðinni. Framleiðslukostnaður var tiltölulega lágur en það þurftu að taka nýjar vídeómyndir af sundlauginni sem var komin með nýja og glæsilega rennibraut. Einnig vildum við tengja Reykjanesbæ við gosið í Fagradagsfjalli sem hófst í mars og dróg að sér mikin fjölda gesta.

Með nýtt efni í bland við það eldra sem gekk vel á síðasta ári, þá var byrjað að birta fyrstu auglýsingarnar í byrjun júní.



**Rokksafn Íslands**

Kíktu á Rokksafn Íslands og lærdú allt um sögu popp- og rokkónlistar á Íslandi. Mörgum þykir skemmtilegast að grípa í hjóðfæri eða þenja raddböndin í sérhönnuðum söngklefa.

KOMDU MED ferdalag.is visitreykjanesbaer.is



**Reykjanesbær** - kíktu í heimsókn

**Brú milli heimsálfa**

Einstakur stítur á heimsömu. Það er frábær upplifun að standa á plötuskilum Evrópu og Ameríku og ganga svo á milli heimsálfa. Þú verður að líta tala af þeir mynd.

ferdalag.is visitreykjanesbaer.is



**Reykjanesbær** - kíktu í heimsókn

**Duus Safnahús**

Duus Safnahús við umstíðatöfnina í Reykjanesbæ eru alltaf að opna nýjar og spennandi sýningar. Kíktu við og skoðu þig um. Það er ókeypis aðgangur í allt sumar.

ferdalag.is visitreykjanesbaer.is



**Reykjanesbær** - kíktu í heimsókn

**Vatnaveröld**

Það er nauðynlegt að kíkja í sund þegar þú heimsækir Reykjanesbæ. Innihaldið er samskipti vatnsparadis fyrir börnin og mikið um að vera. Eitt stílag, smílag, hettu þettur, vatnsrennibrautir og gufubú.

ferdalag.is visitreykjanesbaer.is



**Reykjanesbær** - kíktu í heimsókn

**Skessan í hellinum**

Allir krakkar vilja kíkja á Skessuna sem er alltaf í spandi og grannspandi ef við þekkjum hana rétt. Hún hefur fagnandi á móti yngstu börnum sem ekkert eru hettu að hafa smá gæta kornið með snúlin sín, hengt þau á tré inni í hellinum og skilið þau aftur.

ferdalag.is visitreykjanesbaer.is

## Keypt umfjöllun

Upp úr miðjum júlí keyptum við umfjöllun af Fréttablaðinu um Reykjanesbæ.

Brynjar Leifsson gítarleikari hljómsveitarinnar Of Monster and Men var okkar fulltrúi á síðasta ári. Núna fengum við Sossu listmálara til að tala um Reykjanesbæ á [visir.is](http://visir.is)

„Það var spennandi að alast upp í hratt vaxandi bæ. Íbúar komu allsstaðar af landinu og allir tóku þátt í uppbyggingu samfélagsins, unnu í fiskinum og svo byggði herinn upp flugvöllinn. Enn þann dag í dag er stór hluti atvinnulífsins tengdur flugvöllinum og ferðamannaíðnaðinum,“ segir Sossa. Í dag blómstri einnig menningarlífið og þer þar hæst bæjarhátíðina Ljósanótt, sem fram fer á hverju hausti en allt árið um kring iðar bærinn af fjölbreyttu menningarlífi.

„Hin seinni ár hefur menningarlífið fengið stærri sess í bæjarfélaginu“ segir Sossa. „Tónlistarhöll og svo Duus húsin sem hýsa listasafni Reykjanesbæjar en þar er unnið afar metnaðarfullt starf og svo eru sýningar frá byggðasafni Reykjanesbæjar.

„Ég færi með gestina í góðan göngutúr með fram sjónum á fallegum göngustígum. Í hádeginu væri hægt að stoppa á einhverjum af mörgum veitingastöðum bæjarins, til dæmis á Library. Ég myndi síðan keyra út í Garð, skoða fjöruna og vitann, svo Sandgerði, þekkingarsetrið og út í Hafnir og líta á fallegu kirkjuna þar, áfram út á Reykjanestá, að Gunnhver og stoppa svo til að horfa á brimið við klettaströndina.

### Annar menningarheimur

„Ég fluttist til Keflavíkur þrjú ára gömul. Þegar ég man fyrst eftir mér einlendist þerinn svolítið af veru heilísins á Keflavíkurlugvelli. Herum fylgdi annar menningarheimur, ameríska sjónvarpið, útvarpsstöðvar og selgeti sem á einhvern hátt komust út fyrir Keflavíkurlíðið, og svo "príslistar" þar sem pöntuð voru fót frá henni Ameríku og þeim svo smyglað niður í bæin,“ rifjar Sossa upp. Krakkarnir frá Keflavík hafi skorið sig úr í klæðaburði. Einnig fengu þau erlenda popptónlist beint í and.



Menningargættá blómstri í bænum. Hér málur Sossa samant barnabarni sínu með tífurum á vinnustofunni en þangað er hægt að heimsækja listakona. SOSSA


„Tónlistin skipaði stóran sess hjá okkur unglingunum, lituð af ameríska útvarpinu,“ segir Sossa.

„Það var spennandi að alast upp í hratt vaxandi bæ. Íbúar komu allsstaðar af landinu og allir tóku þátt í uppbyggingu samfélagsins, unnu í fiskinum og svo byggði herinn upp flugvöllinn. Enn þann dag í dag er stór hluti atvinnulífsins tengdur flugvöllinum og ferðamannaíðnaðinum,“ segir Sossa. Í dag blómstri einnig menningarlífið og þer þar hæst bæjarhátíðina Ljósanótt, sem fram fer á hverju hausti en allt árið um kring iðar bærinn af fjölbreyttu menningarlífi.

„Hin seinni ár hefur menningarlífið fengið stærri sess í bæjarfélaginu“ segir Sossa. „Tónlistarhöll og svo Duus húsin sem hýsa listasafni Reykjanesbæjar en þar er unnið afar metnaðarfullt starf og svo eru sýningar frá byggðasafni Reykjanesbæjar. Þegar ég fe gesti til mín býð ég þeim að sjálfsgöngu á [vinnustofuna](http://vinnustofuna) í [Duushúsin](http://Duushúsin) og svo til leirlistakonunnar Drífu Káraðottur sem er með fallega vinnustofu hér í bænum.“

### Sossa segir Reykjanesið leynda perlu

Reykjanesbær 20. júlí 2021 11:45



Þú er mikli upplifun að horfa á brimið skella á klettaströndinni.

VISIRREYKJANES.IS

Reykjanesið býr yfir einstökum náttúrufrum og þangað er hægt að gera fráþæra ferð.

Myndlistakonan Sossa býr og starfar í Reykjanesbæ þar sem hún ólst upp. Hún segir Reykjanesið geyma margar perlu sem gaman er að skoða og upplifa. Heimabærinn hennar, Keflavík hefur löngum haft yfir sér framandi yfirbragð og blómstrandi menningarlífi. Visir mælir með [heimsókn](http://heimsókn) á [Reykjanesið](http://Reykjanesið).



Myndlistakonan Sossa býr og starfar í Heimabænum sínum.

„Hér er gott að starfa og fínt að búa, stutt til húfuþorgarinnar og stutt út í heim,“ segir Sossa en Keflavík hefur löngum skorið sig úr föru íslenskra sveitarfélaga vegna nálægðarinnar við útlönd ef svo má segja. Hvernig var að alast þar upp?

### Leyndar perlu

Beðin um skothélda uppskrift að góðum degi á Reykjanesi segir Sossa lítið mál að gera fráþæra ferð um nesíð.


„Ég færi með gestina í góðan göngutúr með fram sjónum á fallegum göngustígum. Í hádeginu væri hægt að stoppa á einhverjum af mörgum veitingastöðum bæjarins, til dæmis á Library. Ég myndi síðan keyra út í Garð, skoða fjöruna og vitann, svo Sandgerði, þekkingarsetrið og út í Hafnir og líta á fallegu kirkjuna þar, áfram út á Reykjanestá, að Gunnhver og stoppa svo til að horfa á brimið við klettaströndina.



Þú er mikli upplifun að horfa á brimið skella á klettaströndinni.

VISIRREYKJANES.IS


Reykjanesið er nefnilega leynd perla sem býur upp á fallega náttúru, Kleifarvatn, Seltún, Eldborg, Krisuvíkurbjarg, Hóshólma, Selatanga, Geldingadali, Djúfavatn, Sogin, Reykjanesvita og Sandvík svo eitthvað sé nefnt. Eftir daginn mætti svo borða kvöldmat á nýjum veitingastað The Brigade sem er á Hótel Marriott. Fólkið gæti síðan valið að gista á einhverju hótela bæjarins en ef á að tjalda þá er ágætis tjaldstöð í Garði og Grindavík. Í Grindavík er einnig einn af mínum uppáhaldsveitingastöðum, Hjá Höllu. Ég mæli með þeim stað og fer gjarnan með mína gesti þangað.“



Festirþú er bestþú um 130 metra hár. Meðrum þú er þer geggur en saggið er að þú sést írottskúlu.

VISIRREYKJANES.IS

**Reykjanesbær**  
- kiktu í heimsókn



**Brú milli heimsálfa**

Einstakur staður á heimsvísu. Það er frábær upplifun að standa á plötuskilum Evrópu og Ameríku og ganga svo á milli heimsálfa. Þú verður að láta taka af þér mynd.

KOMDU Á FERDALAG IS ferdalag.is vísitreykjanesbaer.is

**Reykjanesbær**  
- kiktu í heimsókn



**Duus Safnahús**

Duus Safnahús við smábáthöfnina í Reykjanesbæ eru alltaf að opna nýjar og spennandi sýningar. Kiktu við og skoðuðu þig um. Það er ókeypis aðgangur í allt sumar.

KOMDU Á FERDALAG IS ferdalag.is vísitreykjanesbaer.is

**Reykjanesbær**  
- kiktu í heimsókn



**Skessan í hellinum**

Allir krakkar vilja kíkja á Skessuna sem er alltaf ropandi og prumpandi ef við þekkjum hana rétt. Hún tekur fagnandi á móti yngstu börnum sem ekki eru hætt að nota snúð. Þau geta komið með snúðin sín, hengt þau á tré inni í hellinum og skilið þau eftir.

KOMDU Á FERDALAG IS ferdalag.is vísitreykjanesbaer.is

**Reykjanesbær**  
- kiktu í heimsókn



**Vatnaveröld**

Það er nauðsynlegt að kíkja í sund þegar þú heimsækir Reykjanesbæ. Innlaugin er sannkölluð vatnparadís fyrir börnin og mikið um að vera. Flott útilaug, innlaug, heitir pottar, vatnsrennibrautir og gufubað.

KOMDU Á FERDALAG IS ferdalag.is vísitreykjanesbaer.is

## Birtingar í fjölmiðlum og vefnum

Birtingar voru í júní, júlí og byrjun ágúst. Tíðnin var þéttust í júlí þar sem flestir voru að ferðast og var þá lögð rík áhersla á vera í útvarpinu. Áhersla var lögð á birtingar í sjónvarpinu, vefnum og útvarpinu. Framleiðslukostnaður var rétt um 15% af heildarupphæðinni sem fór í þessa markaðsherferð. Þetta er tiltölulega lágt hlutfall og gaf okkur aukið svigrúm til að birta meira.

**Vefmiðlar** 38% vefmiðlar

mbl.is	500.000 kr.	11%
vísir.is	500.000 kr.	11%
SKYNN miðlar	400.000 kr.	9%
Samfélagsmiðlar	300.000 kr.	7%

**Sjónvarp:** 45% sjónvarp

RÚV	1.000.000 kr.	22%
Sjónvarp Símans	470.000 kr.	10%

**Útvarp:** 17% útvarp

RÚV	450.000 kr.	10%
Bylgjan	350.000 kr.	8%

**Samtals:** 4.580.000 kr. 100% 100%

## Framleiðsla

Til að nýta fjármagnið betur var ákveðið að öll hugmyndavinna og grafísk hönnun færi fram innan Súllunnar. Framleiðsla á sjónvarpsauglýsingu, ljósmyndatökur og talsetning voru liðir sem nauðsynlegt var að nota aðkeypta vinnu.


Myndbandsupptaka og grafík	250.000 kr.
Talsetning	60.000 kr.

**Samtals:** 310.000 kr.

## Heildarkostnaður

**Samtals:** 4.890.000 kr 5.951.100 kr m. vsk.





Auglýsingin “Kíktu í heimsókn” náði til 223.688 einstaklinga á vefnum.

## Tölfræði

Það komu 906 innlendir gestir í Duus Safnahús í júlí á þessu ári sem er svipaður fjöldi og í fyrra en þá fjölgaði gestum um rúmlega 230% það komu 846 gestir í ágúst sem er 15,7% aukning miðað við árið í fyrra. Þetta er 74% aukning miðað við árið 2019.

Það er vert að taka það fram að heimsóknartíðnin í Duus hefur verið nokkuð stöðug á þessu ári en tíðnin hefur verið nokkuð flöktandi í gegnum árin.



Það komu 1.327 innlendir gestir í Rokksafnið í júlí á þessu ári sem er töluverður minni fjöldi en í fyrra en þá komu 2.179 heimsóknir. Þetta er 64% minni heimsóknir en samt 267% meira en árið 2019. Tölfræðin sýnir að þótt að færri innlendir gestir hafi heimsótt Rokksafnið á þessu ári þá hefur auglýsingar Hljómahallar og Kíktu í heimsókn markaðsherferðarinnar síðustu tvö sumrin haft gríðarlega mikil áhrif.

Hlutfall birtinga á vefmiðlum var aukið verulega. Fyrir utan birtingar á hefðbundnum vefborðum þá var kostuð auglýsingaherferð á leiknu auglýsingunni sem náði til 233.000 einstaklinga sem verður að teljast mjög hátt hlutfall miðað við höfðatölu.

## Mælanlegur árangur

Markmiðið með þessari markaðsherferð var að auka vitund almennings á því sem Reykjanes hefur upp á að bjóða en einnig bæinn í jákvæði ljósi.

Það er mat verkefnastjóra markaðsmála að þessi markaðsherferð hafi gengið vel eins og árið 2021. Heimsóknartölur sýna verulega aukningu miðað við síðasta áratug þegar minna var lagt í markaðs- og kynningarmál.



## Innri ímynd og staðarsjálfsmynd Reykjanesbæjar

Um miðjan maí á síðasta ári lauk verkefnastjóri markaðsmála meistaranámi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Lokaritgerðin og rannsókn fjallaði um innri ímynd og staðarsjálfsmynd íbúa Reykjanesbæjar.

Lítið hefur verið fjallað, skrifað eða rannsakað viðhorf og ímynd bæjarbúa sjálfra til Reykjanesbæjar. Það var því löngu tímabært að skoða innri ímynd Reykjanesbæjar, fara í upplýsingaöflun um viðhorf bæjarbúa sjálfra til bæjarfélagsins.

Þá má líta á staðarímynd og staðarsjálfsmynd sem tvær hliðar á sama peningi, en hvorug hefur merkingu án hinnar. Þetta eru tvö kjarnahugtök í markaðsfræðinni og eru lykilatriði þegar kemur að vörumerkjaþróun staða og leggur grunninn að svæðisbundnum vörumerkjum eins og sveitarfélögum. Í þessu samhengi er hlutverk íbúa er talið vera mjög þýðingarmikið vegna þess að þátttak þeirra og samráð geti skilað mun árangursríkari og sjálfbærari vörumerkjum.

Þessi rannsóknin hafði það meginmarkmið að meta og mæla ímynd og staðarsjálfsmynd Reykjanesbæjar frá sjónarhóli íbúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Ákveðið var að rannsaka þrjá hópa innan bæjarfélagsins og bera þá saman en þetta voru starfsmenn Reykjanesbæjar, íbúar af íslenskum uppruna og íbúar af erlendum uppruna.

Fyrirliggjandi gögn um innri ímynd Reykjanesbæjar eru af mjög skornum skammti. Þær upplýsingar sem hægt er að nýta og hafa til hliðsjónar eru þjónustukannanir sem hafa verið framkvæmdar í nokkur ár. Þær skoða ánægju með búsetu, þjónustu sveitarfélagsins, íþróttaiðkunar, gæði umhverfis, skipulagsmál o.s.frv. Þær lýsa hins vegar ekki nógu vel hvernig ímynd bæjarbúar hafa af Reykjanesbæ og sjálfum sér.

Hlutfall á þátttöku á milli starfsmanna og bæjarbúa af íslenskum uppruna annars vegar og erlendum uppruna hins vegar samræmist íbúaþróun Reykjanesbæjar á undanföllum árum þar sem hlutfall erlendra ríkisfanga er 25.2% (gagnatorg Reykjanesbæjar, 25. apríl 2021).

Þegar horft er til kynjahlutfalla í töflunni hér til hliðar þá hallar örlítið á hlutfall karla í heildarmyndinni. Hátt hlutfall kvenna hjá starfsmönnum Reykjanesbæjar sem tóku þátt í könnuninni má hugsanlega rekja til þess að starfshlutfall kvenna hjá bænum er mjög hátt (Heimasíða Reykjanesbæjar, 2021).

Það sem vekur meiri athygli er mismunandi kynjahlutfall hjá þátttakendum með íslenskan uppruna og erlendan uppruna. Það má segja að hlutföllin snúast við þar sem 61,7% þátttakenda af íslenskum uppruna eru konur en 59,4% þátttakenda af erlendum uppruna eru karlar (gagnatorg Reykjanesbæjar).

Allir		Starfsmenn		Íslenskur uppruni		Erlendur uppruni	
1.005 þátttakendur - 100%		222 þátttakendur - 22.1%		569 þátttakendur - 56.6%		214 þátttakendur - 21.3%	
<b>Kyn</b>	Hlutfall		Hlutfall		Hlutfall		Hlutfall
Karl	39.4%	Karl	27.3%	Karl	37.2%	Karl	59.4%
Kona	59.4%	Kona	72.7%	Kona	61.7%	Kona	37.6%
Skilgreini ekki kyn	1.2%	Skilgreini ekki kyn	0.0%	Skilgreini ekki kyn	1.02%	Skilgreini ekki kyn	3.05%
<b>Aldur</b>							
20 ára og yngri	1.6%	20 ára og yngri	0	20 ára og yngri	1.8%	20 ára og yngri	2.5%
21 til 30 ára	12.7%	21 til 30 ára	11.6%	21 til 30 ára	10.7%	21 til 30 ára	19.8%
31 til 40 ára	27.0%	31 til 40 ára	25.4%	31 til 40 ára	22.7%	31 til 40 ára	40.6%
41 til 50 ára	26.5%	41 til 50 ára	25.4%	41 til 50 ára	26.4%	41 til 50 ára	27.4%
51 til 60 ára	19.2%	51 til 60 ára	25.4%	51 til 60 ára	20.8%	51 til 60 ára	8.12%
61 ára og eldri	13%	61 ára og eldri	12.1%	61 ára og eldri	17.6%	61 ára og eldri	1.52%
<b>Hvar býrðu í Reykjanesbæ?</b>							
Innri Njarðvík	23.0%	Innri Njarðvík	13.9%	Innri Njarðvík	29.9%	Innri Njarðvík	12.7%
Njarðvík	14.8%	Njarðvík	17.5%	Njarðvík	13.7%	Njarðvík	14.7%
Ásbrú	11.6%	Ásbrú	4.5%	Ásbrú	9.4%	Ásbrú	26.0%
Keflavík	46.2%	Keflavík	56.5%	Keflavík	44.6%	Keflavík	40.1%
Hafnir	0.6%	Hafnir	0.45%	Hafnir	0.85%	Hafnir	0.0%
Annað	3.8%	Annað	7.2%	Annað	1.5%	Annað	6.6%
<b>Hæsta menntunarstig</b>							
Grunnskólapróf	12.8%	Grunnskólapróf	6.8%	Grunnskólapróf	17.6%	Grunnskólapróf	6.6%
Iðnmenntun	13.7%	Iðnmenntun	6.3%	Iðnmenntun	15.7%	Iðnmenntun	16.2%
Stúdentspróf	16.0%	Stúdentspróf	8.7%	Stúdentspróf	13.6%	Stúdentspróf	32.5%
Háskólapróf grunnnám	28.1%	Háskólapróf grunnnám	32.4%	Háskólapróf grunnnám	27.8%	Háskólapróf grunnnám	23.3%
Háskóli á meistarastigi	22.5%	Háskóli á meistarastigi	41.4%	Háskóli á meistarastigi	16.7%	Háskóli á meistarastigi	19.3%
Doktorspróf	0.7%	Doktorspróf	0.4%	Doktorspróf	0.85%	Doktorspróf	0.81%
Annað	6.2%	Annað	4.1%	Annað	8.7%	Annað	1.52%
<b>Hverslu lengi búíð í Reykjanesbæ</b>							
Minna en 1 ár	2.9%	Minna en 1 ár	0.9%	Minna en 1 ár	3.2%	Minna en 1 ár	4.0%
1-2 ár	5.0%	1-2 ár	3.6%	1-2 ár	3.7%	1-2 ár	10.1%
3-5 ár	13.3%	3-5 ár	2.7%	3-5 ár	10%	3-5 ár	35.3%
6 - 9 ár	8.7%	6 - 9 ár	4.5%	6 - 9 ár	6.2%	6 - 9 ár	20.2%
10 ár eða lengur	67.2%	10 ár eða lengur	81.1%	10 ár eða lengur	74.7%	10 ár eða lengur	29.3%
Býr ekki í Rnb.	3.0%	Býr ekki í Rnb.	7.1%	Býr ekki í Rnb.	2.0%	Býr ekki í Rnb.	1.0%

## Ímynd - allir íbúar

Efttekið er mið af öllum íbúum Reykjanesbæjar þá er heildarímynd sveitarfélagsins er fremur hlutlaus Þó eru nokkrir ímyndarþættir sem eru afgerandi en í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður úr þeim ímyndarbreytum sem voru mældar. Það er nokkuð skýrt að skynjun íbúa er að þeir búi í mjög fjölbreyttu samfélagi. Breyturnar sem mæla hvort bæjarfélagið sé fjölskylduvænt samfélag og sé eftirsóttur staður fyrir fjölskyldur koma nokkuð vel út.

Einnig er fólk ánægt með aðgengi að göngu- og hjólréiðastígum í bænum. Það er afgerandi niðurstaða að heilbrigðisþjónustu sé mjög ábótavant í sveitarfélaginu og fólki þyki framboð af verslun og þjónustu fremur lítið, en það er ekki hægt að taka mjög skýra afstöðu til þess. Það er ljóst miðað við þessa rannsókn að ímynd bæjarins er fremur óljós og skynjun bæjarbúa er sú að Reykjanesbær hafi ekki mikla sérstöðu miðað við önnur sveitarfélög.

Fullyrðingar	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
Það er fjölbreytt samfélag í Reykjanesbæ	4.00	0.788	1.005
Reykjanesbær er fjölskylduvænt samfélag	3.65	0.904	1.005
Það er gott aðgengi að göngu- og hjólréiðastígum í Reykjanesbæ	3.64	0.966	1.005
Reykjanesbær er eftirsóttur staður fyrir fjölskyldur	3.60	0.943	1.005
Reykjanesbær er fallegur bær	3.48	0.996	1.005
Það er markviss uppbygging í Reykjanesbæ	3.48	0.949	1.005
Reykjanesbær hefur skapað öruggt umhverfi fyrir börn og unglinga	3.45	0.928	1.005
Reykjanesbær er snyrtilegur bær	3.40	0.989	1.005
Ég tengi útivist við Reykjanesbæ	3.15	1.080	1.005
Fasteignaverð er viðráðanlegt í Reykjanesbæ	3.12	1.136	1.005
Reykjanesbær hefur sérstöðu miðað við önnur bæjarfélög	3.09	0.956	1.005
Reykjanesbær leggur áherslu á umhverfisvernd	3.04	0.907	1.005
Reykjanesbær er nútímalegur bær	3.02	0.919	1.005
Ég tengi náttúrufegurð við Reykjanesbæ	2.99	1.087	1.005
Reykjanesbær hefur skýra ímynd	2.97	0.940	1.005
Það er hlustað á bæjarbúa í Reykjanesbæ	2.93	1.007	1.005
Reykjanesbær er gamaldags bær	2.89	0.872	1.005
Það er mikið um að vera fyrir unga fólk í Reykjanesbæ	2.72	1.023	1.005
Það er gott framboð af verslun og þjónustu í Reykjanesbæ	2.67	1.083	1.005
Það er góð heilbrigðisþjónusta í Reykjanesbæ	1.94	1.060	1.005

## Staðarsjálfsmynd

Meðaltal allra fullyrðinga sem mæla staðarsjálfsmynd hjá öllum íbúum og starfsmönnum Reykjanesbæjar mælist yfir meðaltali. Það er athyglisvert að staðarsjálfsmynd bæjarbúa mælist að meðaltali nokkuð hærri en skynjuð ímynd. Það má segja með nokkurri vissu að staðarsjálfsmynd íbúa í Reykjanesbæ mælist vel yfir meðallagi. Íbúar tengja sterklega við að Reykjanesbær sé staður með sál og sögu en einnig að bæjarbúar séu almennt mjög vinalegir. Þættir eins og að vera stoltir,

að tengjast sterkum böndum og tilheyra Reykjanesbæ mælast einnig mjög hátt. Eini þátturinn sem mælist lágt hvað varðar staðarsjálfsmynd bæjarbúa er að fæstir telja að Reykjanesbær hafi gott orðspor á meðal fólks sem ekki býr í bæjarfélaginu. Það eru mjög sterkar vísbendingar um að bæjarbúar í Reykjanesbæ séu almennt með tiltölulega jákvæða staðarsjálfsmynd þar sem allar fullyrðingarnar nema ein eru vel yfir meðaltali.

Fullyrðingar	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
Mér finnst Reykjanesbær vera staður með sál og sögu	3.77	.836	1.005
Mér finnst bæjarbúar vera vinalegir	3.76	.777	1.005
Þegar á heildina er lítið, er ég ánægð/ánægður með Reykjanesbæ	3.72	.919	1.005
Ég er stolt/stoltur af því að búa í Reykjanesbæ	3.64	.968	1.005
Mér finnst ég tilheyra Reykjanesbæ	3.62	1.019	1.005
Ég tengi mig við Reykjanesbæ, hann er hluti af mér	3.60	1.022	1.005
Ég samsama mig fólkinu sem býr í Reykjanesbæ	3.57	.891	1.005
Ég myndi mæla með við ættingja og vini að flytja til Reykjanesbæjar	3.53	1.047	1.005
Ég vil ekki flytja frá Reykjanesbæ	3.52	1.138	1.005
Ég tel Reykjanesbæ hafa gott orðspor á meðal fólks sem ekki býr á staðnum	2.77	1.026	1.005

## Ímynd - munur á milli hópa

Starfsmenn Reykjanesbæjar eru að jafnaði með jákvæðara viðhorf gagnvart Reykjanesbæ og staðarsjálfsmyndin mælist ívið hærri en hjá bæjarbúum, bæði af íslenskum- og erlendum uppruna. Mismunurinn er á milli hópana, hefur bæði jákvæða og neikvæða fylgni.

Fullyrðingar	Starfsmenn meðaltal	Ísl. uppruni meðaltal	Erl. uppruni meðaltal	Allir hópar meðalmunur
Fasteignaverð er viðráðanlegt í Reykjanesbæ	3.56	3.20	2.43	0.75
Það er markviss uppbygging í Reykjanesbæ	3.86	3.55	2.98	0.57
Reykjanesbær er nútímalegur bær	3.31	3.07	2.60	0.47
Það er hlustað á bæjarbúa í Reykjanesbæ	3.32	2.77	2.95	0.37
Reykjanesbær hefur skapað öruggt umhverfi fyrir börn og unglinga	3.79	3.39	3.24	0.36
Það er góð heilbrigðisþjónusta í Reykjanesbæ	1.94	1.80	2.32	0.34
Reykjanesbær er gamaldags bær	2.73	2.82	3.21	0.31

### Fasteignaverð er viðráðanlegt í Reykjanesbæ.

Starfsmenn eru sammála um að fasteignaverð er viðráðanlegt í Reykjanesbæ en íbúar af íslenskum uppruna eru nálægt nærri því að vera hlutlausir. Íbúar af erlendum uppruna er hins vegar töluvert undir hlutlausu kvarðanum og eru frekar nærri því að vera ósammála þessari fullyrðingu.

### Það er markviss uppbygging í Reykjanesbæ

Starfsmenn og íbúar af íslenskum uppruna eru sammála því að það er markviss uppbygging í Reykjanesbæ. Íbúar af erlendum uppruna er hins vegar hlutlausir.

### Reykjanesbær er nútímalegur bær

Starfsmenn og íbúar af íslenskum uppruna eru nálægt því að vera hlutlausir þegar kemur að því að taka afstöðu til þess hvort Reykjanesbær sé nútímalegur bær. Íbúar af erlendum uppruna eru enn innan þeirra marka á kvarðanum að vera hlutlausir en mjög nálægt því að vera ósammála.

### Það er hlustað á bæjarbúa í Reykjanesbæ

Starfsmenn og íbúar af erlendum uppruna eru nokkuð hlutlausir þegar kemur að fullyrðingunni hvort það sé hlustað á bæjarbúa í Reykjanesbæ. Íbúar af íslenskum uppruna mælast lægst á kvarðanum en eru samt nálægt hlutlausu kvarðanum.

### Reykjanesbær hefur skapað öruggt umhverfi fyrir börn og unglinga

Allir íbúar eru almennt sammála því að Reykjanesbær hefur skapað öruggt umhverfi fyrir börn og unglinga. Þó hafa íbúar af erlendum uppruna ekki eins sterka sannfæringu fyrir þessari fullyrðingu.

### Það er góð heilbrigðisþjónusta í Reykjanesbæ

Allir íbúar eru ósammála þeirri fullyrðingu að Reykjanesbær bjóði upp á góða heilbrigðisþjónustu. Þessi fullyrðing var með lægsta meðaltalið (2,1) af öllum í rannsókninni. Íbúar af erlendum uppruna voru samt heldur jákvæðari en íbúar af íslenskum uppruna sem mældust með lægsta meðaltalið.

### Reykjanesbær er gamaldags bær

Allir íbúar eru nálægt því að vera hlutlausir þegar taka þarf afstöðu til hvort Reykjanesbær er gamaldags bær. Íbúar af erlendum uppruna hallast að þeirri afstöðu að vera sammála því.

## Staðarsjálfsmynd - munur á milli hópa

Mælanlegur munur á milli hópa er töluvert minni þegar kemur að staðarsjálfsmynd en mælingar voru að meðaltali hærri og dreifingin töluvert jafnari. Íbúar af erlendum uppruna hafa lægstu gildin í öllum fullyrðingum nema í einni sem snýst um hvort Reykjanesbær hafi gott orðspor á meðal fólks sem ekki býr í bænum.

Fullyrðingar	Starfsmenn meðaltal	Ísl. uppruni meðaltal	Erl. uppruni meðaltal	Allir hópar meðalmunur
Mér finnst ég tilheyra Reykjanesbæ	3.86	3.64	3.29	0.56
Mér finnst Reykjanesbær vera staður með sál og sögu	3.99	3.79	3.50	0.49
Ég tengi mig við Reykjanesbæ, hann er hluti af mér	3.81	3.60	3.37	0.43
Mér finnst bæjarbúar vera vinalegir	3.95	3.77	3.53	0.42
Þegar á heildina er litið, er ég ánægð/ánægður með Reykjanesbæ	3.93	3.72	3.51	0.42
Ég er stolt/stoltur af því að búa í Reykjanesbæ	3.82	3.65	3.43	0.39
Ég myndi mæla með við ættingja og vini að flytja til Reykjanesbæjar	3.72	3.53	3.35	0.37
Ég samsama mig fólkinu sem býr í Reykjansbæ	3.74	3.57	3.37	0.36
Ég tel Reykjanesbæ hafa gott orðspor á meðal fólks sem ekki býr í Rnb	2.74	2.69	3.01	0.27
Ég vil ekki flytja frá Reykjanesbæ	3.55	3.54	3.41	0.13

### Mér finnst ég tilheyra Reykjanesbæ

Tiðtölulega hátt hlutfall íbúa er sammála þeirri skynjun að þeir tilheyri Reykjanesbæ en íbúar af erlendum uppruna eru nálægt því að mælast hlutlausir. Mismunur á milli hópa mælist hins vegar mestur við þessa fullyrðingu.

### Mér finnst Reykjanesbær vera staður með sál og sögu

Nokkuð hátt hlutfall íbúa er sammála því að Reykjanesbær sé staður með sál og sögu. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna.

### Ég tengi mig við Reykjanesbæ, hann er hluti af mér

Nokkuð hátt hlutfall íbúa er sammála þeirri fullyrðingu þeir tengi sig við Reykjanesbæ og bærinn sé hluti af þeim. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna.

### Mér finnst bæjarbúar vera vinalegir

Nokkuð hátt hlutfall íbúa er sammála þeirri fullyrðingu að bæjarbúar séu vinalegir. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna.

### Þegar á heildina er litið þá er ég ánægð/ánægður með Reykjanesbæ

Nokkuð hátt hlutfall íbúa er sammála þeirri fullyrðingu að þegar á heildina er litið eru þeir ánægðir með Reykjanesbæ. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna.

### Ég er stolt/stoltur að af því að búa í Reykjanesbæ

Nokkuð hátt hlutfall íbúa er sammála þeirri fullyrðingu að vera stoltir að búa í Reykjanesbæ. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna

### Ég myndi mæla með við vini og ættingja að flytja til Reykjanesbæjar

Nokkuð hátt hlutfall íbúa af íslenskum uppruna er sammála þeirri fullyrðingu að mæla með við ættingja og vini að flytja til Reykjanesbæjar. Íbúar af erlendum uppruna eru töluvert nálægt því að vera hlutlausir. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna

### Ég samsama mig fólkinu sem býr í Reykjanesbæ

Nokkuð hátt hlutfall íbúa af íslenskum uppruna er sammála þeirri fullyrðingu að þeir samsami sig fólkinu sem býr í Reykjanesbæ. Íbúar af erlendum uppruna eru töluvert nálægt því að vera hlutlausir. Það skilur mest á milli starfsmanna og íbúa af erlendum uppruna.

### Ég tel Reykjanesbæ hafa gott orðspor á meðal þeirra sem býr ekki í bænum

Íbúar er að mestu hlutlausir gagnvart þeirri fullyrðingu að Reykjanesbær hafi gott orðspor á meðal fólks sem ekki býr í Reykjanesbæ.

### Ég vil ekki flytja frá Reykjanesbæ

Nokkuð hátt hlutfall allra íbúa í Reykjanesbæ eru sammála um að þeir vilji ekki flytja frá Reykjanesbæ. Það mælist ekki marktækir munur á milli hópana.

## Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að kanna ímynd og staðarsjálfsmynd íbúa Reykjanesbæjar. Einnig var lögð áhersla á að svara átta tilgátum um hvort merkjanlegur munur væri á og ímynd og staðarsjálfsmynd starfsmanna bæjarfélagsins, íbúum af erlendum uppruna og íbúum af íslenskum uppruna.

### Tilgangurinn var að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum.

1. Hver er skynjun bæjarbúa á ímynd Reykjanesbæjar?

2. Er staðarsjálfsmynd bæjarbúa í Reykjanesbæ jákvæð?

Ákveðið var að rannsaka þrjá hópa innan bæjarfélagsins og bera þá saman. Þetta eru starfsmenn Reykjanesbæjar, íbúar af íslenskum uppruna og íbúar af erlendum uppruna. Meginástæðan fyrir að skipta íbúum upp í erlenda uppruna og íslenskan uppruna liggur í íbúasamsetningu Reykjanesbæjar þar sem rétt um 25% íbúa eru af erlendu bergi brotnir. Einnig hafði það áhrif á þessa ákvörðun að skýrt er kveðið á um í stefnu Reykjanesbæjar að leggja ríka áherslu á fjölbreytileikann í samfélaginu. Að bæta starfsmönnum við mengið kom til á síðari stigum þar sem nokkrar rannsóknir sýndu að skynjun starfsmanna hjá borgum og bæjum á ímynd og staðarsjálfsmynd mældist yfirleitt mun jákvæðari.

Þetta eru mjög áhugaverðar niðurstöður og þeirri spurningu var velt upp hvort þetta ætti einnig við í Reykjanesbæ.

## Innri ímynd

Niðurstöður um innri ímynd sýna að bæjarbúar eru almennt sammála um að samfélagið í Reykjanesbæ sé fjölbreytt og það sé staður með sál og sögu. Fjölskylduvænt samfélag og að Reykjanesbær sé eftirsóttur staður fyrir fjölskyldur mælist einnig mjög hátt hjá öllum hópum. Það sem allir hópar eru sammála um er að það sé ekki nægjanlega gott framboð af verslun og þjónustu og að góð heilbrigðisþjónusta sé ábótavant. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart þar sem kallað hefur verið eftir að bæta heilbrigðisþjónustuna í Reykjanesbæ í mörg ár. Þó að íbúar með erlenda uppruna mælist örlítið jákvæðari gagnvart heilbrigðisþjónustunni í bænum þá er það samt sá þáttur sem mælist lægst hjá þeim.

Þegar kemur að skynjun íbúa á fasteignaverði í Reykjanesbæ þá er athyglisvert að bæjarbúar af erlendum uppruna eru ósammála þeirri fullyrðingu að fasteignaverð sé viðráðanlegt á meðan íbúar af íslenskum uppruna eru nokkuð hlutlausir en starfsmenn er nokkuð sammála þeirri fullyrðingu. Í rannsókn Þórhalls og Elfu Bjarkar á sex íslenskum sveitarfélögum á meðal háskólanema árið 2008, þá er viðráðanleg fasteignaverð ráðandi eiginleiki á vörukortum þeirra þegar kemur að Reykjanesbæ. Það voru sterkar vísbendingar í þeirri rannsókn að viðráðanlegt fasteignaverð í Reykjanesbæ væri ríkjandi viðhorf.

Aðrir sameiginlegir þættir sem mældust hátt í rannsókn Þórhalls og Elfu eru sérstaða, markviss uppbygging, fjölbreytt samfélag og mikið um að vera fyrir unga fólk.

## Staðarsjálfsmynd

Almennt mældust fullyrðingar er varða staðarsjálfsmyndina í hærri enda kvarðans og töluvert hærri en þær fullyrðingar sem mældu ímynd. Þetta er athyglisvert en það er ekki hægt að taka afstöðu til þessara mælinga þar sem spurningarnar eru ekki þær sömu.

Niðurstöður úr sambærilegri sænski rannsókn bentu einnig til þess að starfsmenn og íbúar höfðu aðra skynjun á borginni sem vörumerki. Þeirra niðurstaða er að það sé ákveðin hætta að borgaryfirvöld þróa markaðsstefnu fyrir borgina sem eingöngu byggist hvað þeir halda um borgina en ekki hvernig íbúarnir upplifa vörumerkið. Þetta skapi ákveðna áhættu og markmiðum sé ekki náð. Meginleg rannsókn sem hinn sænski Peighambari o.fl. (2016) framkvæmdu varðandi ímynd og staðarsjálfsmynd á borginni borginni Luleå í Svíþjóð (75.000 íbúar) svipar að mörgu leiti til þeirra sem lagt

var fram með þeirri rannsókn sem hér hefur verið fjallað um varðandi Reykjanesbæ.

Mælitækið var spurningarlisti þar sem nokkrar fullyrðingar voru lagðar fram og starfsmenn og íbúar þurftu að taka afstöðu til voru einnig settar fram á fimm punkta Likert kvarða.

Það eru tvær spurningar sem áhugavert er að bera saman við þessa rannsókn en þær varða hvort starfsmenn og íbúar kjósi áframhaldandi búsetu og hvort þeir myndu mæla með staðnum við aðra. Orðalagið í þeirri rannsókn er „Intention to stay in the city” og „Recommending the city as a place to live in” Það er áhugavert fyrir rannsóknna að vera þær saman við fullyrðingarnar „Ég vil ekki flytja frá Reykjanesbæ” og „Ég myndi mæla með við ættingja og vini að flytja til Reykjanesbæjar”. Taflan hér fyrir neðan sýnir niðurstöður úr báðum rannsóknum.

Fullyrðingar	Starfsmenn Reykjanesbæjar	Íbúar Reykjanesbæjar	Borgarstarfsmenn Luleå	Íbúar Luleå
Ég vil ekki flytja frá Reykjanesbæ	3.55	3.52	4.12	4.14
Mæla með við ættingja og vini að flytja til Reykjanesbæjar	3.72	3.53	4.28	3.67

# Markaðsstefna Reykjanesbæjar

Bæjarfélög eru í vaxandi mæli farnar að nýta sér reynslu og aðferðir fyrirtækja og móta sér markaðsstefnu til að vinna eftir. Í byrjun september var farið af stað í heildstæða markaðsstefnumótun og aðgerðaáætlun fyrir Reykjanesbæ í samvinnu við Brandr vöruverkjastofu. Markmiðið með þessari vinnu er að móta markaðsstefnu og markaðslega staðfærslu ásamt tillögum að aðgerðum fyrir Reykjanesbæ til næstu 5 ára. Stefnumótun og staðarmörkun sem þessi hefur verið tímafrekt ferli enda þarf skýra sýn á verkefnið og skuldbindingu þeirra sem taka þátt. Stefnumótunin sjálf er umfangsmikil og margþætt og því áriðandi að horft sé til sem flestra þátta sem að snerta Reykjanesbæ. Undanfarna mánuði hefir verið tekið samtal við helstu hagsmunaaðila á borð við íbúa, fyrirtæki og stjórnsýsluna, fá innsýn í helstu áskoranir, það sem vel er gert en einnig það sem betur mætti fara. Heimsmarkmiðin munu einnig hafa áhrif á hvernig markaðsstefnan verður mótuð enda er hún mikilvægur hluti af stefnu Reykjanesbæjar til ársins 2030.

Skilgreina hvað bærinn stendur fyrir og hvað það er sem einkennir hann. Efla samstarf fyrirtækja í bænum og styðja þau eftir bestu getu. Efla verslun og þjónustu með markvissri kynningu. Fá fleiri ferðamenn og Íslendinga í heimsókn til Reykjanesbæjar. Tillögur að markaðsaðgerðum til að bæta ímynd Reykjanesbæjar. Tillögur að markaðsaðgerðum til að kynna Reykjanesbæ sem öflugan valkost fyrir fólk og fyrirtæki til búsetu, atvinnu og afþreyingar.

## Skrefin fimm

**1. skref -Innri greining:** Í þessum verkþætti voru innviðir sveitarfélagsins frá sjónarhóli vöruverkjastjórnunar rannsakaðir. Við mynduðum starfshóp starfsmanna frá mismunandi sviðum með mismunandi stjórnunarábyrgð til að taka þátt í öllu ferlinu og við tókum viðtöl við viðeigandi aðila. Þegar þekking sem nú þegar er til staðar hefur verið safnað saman er hægt að leggja mat á atriði sem eru mikilvæg á seinni stigum ferlisins. Þetta eru atriði á borð við sjálfmynd skipulagsheildarinnar, almenna ímynd, ímynd arfleiddar, sögu, markaðsferla, innihald vöru og þjónustu, núverandi markhópa og lykil hagsmunaaðila.

Við spurðum stjórnendur út í markmið og stefnu sem hefur verið mörkuð til að ná þeim. Við söfnuðum upplýsingum frá til að athuga hvaða augum þeir sjá sveitarfélagið, hvernig þeir sjá framtíð þess og hvernig þeir vilja sjá fyrir sér að ímynd og skilaboð sveitarfélagsins komi til með að líta út á við. Við spurðum út í innri ferla og starfsmannameningu sem getur komið að gagni í stefnumótun vöruverkisins og ferla og þætti í stofnanameningu sem gætu staðið í vegi fyrir breytingum.

**2. skref:** Ytri rýni: Lagt var mat á ímynd vöruverkisins í augum umheimsins ásamt ásýnd þess og markaðs- og kynningarefni. Markaðsskilaboðin voru skoðuð sem eru notuð nú þegar og hvernig þeim er komið áfram til almennings og hagsmunaaðila o.fl. Við rýndum í skilaboð vöruverkisins með augum utanaðkomandi, skoðum hvort þau komist rétt til skila og hvort þau hafi þau áhrif sem Reykjanesbær vill að þau hafi. Við fórum í gegnum fyrirliggjandi markaðsrannsóknir á og önnur gögn til að leggja mat á hvernig Reykjanesbær vinnur nú þegar með tilliti til vöruverkisins. Þar á meðal eru þættir á borð við lýðfræði, sambönd við núverandi hagsmunaaðila og hvernig eiginleikum vöruverkisins er komið á framfæri. Áherslan er að skoða hvernig aðgerðir Reykjanesbæjar eru skynjaðar af utanaðkomandi.

Rýnin á þessu stigi auðveldar okkur að koma auga á tækifæri í mótun vöruverkjastjórnunar, markaðsstjórnunar og viðskiptaþróunar sem geta verið nauðsynleg fyrir Reykjanesbæ. Rýnin hjálpar okkur einnig að læra meira um vöruverkjastjórnunar- og markaðsstefnu Reykjanesbæjar og hvort úrbóta sé þörf.

**3. skref – Frumgögn:** Í þessum verkþætti eru frumrannsóknir framkvæmdar, mat lagt á gögn sem vantar og skipulagi komið á gögn fyrir áframhaldandi greiningu. Eigindleg gögn eru flokkuð og meginleg gögn eru greind. Ef enn vantar upp á gögn á þessu stigi getur verið mikilvægt fyrir vöruverkjarýnina að afla þeirra eða aðlaga næstu skref í samræmi við þau gögn sem þegar liggja fyrir. Við höldum áfram að skoða umhverfið sem Reykjanesbær vinnur í ásamt því að greina samkeppnisaðila. Sú greining felur í sér að fara yfir styrkleika og veikleika þeirra ásamt staðfærslu þeirra á markaðnum með framkvæmd meginlegrar rannsóknar (spurningakönnun – tölfræðileg greining ) og eigindlegra rannsókna, m.a. í formi rýnihópa, vinnustofa og viðtölum eftir þörfum hverju sinni.

**4. skref:** Gögn greind: Í þessum þætti er upplýsingum og gögnum safnað saman, púslað og stillt upp í vörumerkjálíkön og fræði vörumerkjastjórnunar með brandr þekkingu.

Athuganir eru notaðar til að draga fram viðeigandi þætti vörumerkisins, fá innsýn og skilning á þörfum hagsmunaaðila ásamt því að koma auga á bil á borð við það sem oft myndast milli sjálfsmyndar vörumerkis og ímyndar þess.

Með þessa þekkingu aðleiðarljósi eru búnaðar til ráðleggingar um hvernig styrkja má vörumerkið. Þekkingin sem dregin er úr rannsóknunum er grunnurinn á því að byggja upp og betrubæta vörumerkið. Gögnin eru greind til að draga fram kjarna vörumerkisins til að móta ásynd þess.

Að þessu loknu er tímabært að setja fram sértæk markmið fyrir vörumerkið. Skoðaðar eru væntingar og hvernig hægt er að auðvelda sveitarfélaginu að ná settu marki.

**5. skref** – Uppbygging vörumerkis: Í þessum þætti vörumerkjarýni er ferli vörumerkjarýni lokað. Eftir að hafa granskoðað öll gögn og sett niður markmið Reykjanesbæjar getum við hafist handa við að byggja upp vörumerkið. Þetta felur í sér að velja grunninn, stoðirnar og eiginleikana sem þarf til að byggja árangursríkt vörumerki. Hvernig vörumerkið tjáir sig við ýmsa hagsmunaaðila.

Áhersluþætti varðandi útlit; liti, raddblæ, hvernig upplifun á vörumerkinu á að vera bæði innan og utan sveitarfélags. Útkoman verður marglaga með vörumerkið sem kjarna alls sem fyrirtækið tekur sér fyrir hendur. Nýtt og betrubætt vörumerki.

Vörumerkjarýninni lýkur með skýrslu um vörumerkið – hvernig það hljómar, lítur út, hegðar sér og tjáir sig. Brandr gerir stefnuskýrslu sem er notuð við að hönnun / sköpun.

Stefnuskýrslan er grunnur vörumerkja-handbókarinnar sem auglýsingastofa býr til. Við bjóðum vinnuframlag með hönnuðum til að sjá til þess að vörumerkið sé framsett á réttan hátt og að lokið sé við allt sem þarf áður en vörumerkinu er ýtt úr vör.

## Fagleg vörumerkjarýni

Sterk vörumerki auka virði fyrirtækja en mörg þeirra fara á mis við kosti sem felast í sterku vörumerki eða geri sér grein fyrir því hvernig vörumerkið getur leitt af sér áhrifarík samskipti við hagsmunaaðila. Það sama má vel segja um sveitarfélög! Til að Reykjanesbær geti nýtt sér kosti stefnumiðaðrar vörumerkjastjórnunar mælumst við til að sveitarfélagið leggi í vegferð faglegrar vörumerkjarýni, sem unnin yrði af sérfræðingum Brandr í náinni samvinnu við Súluna vekefnastofu, stjórnendur og aðra helstu hagsmunaaðila Reykjanesbæjar.

Vörumerkjarýni skoðar bæði innri og ytri þætti vörumerkisins og starfseminnar. Innri þættir telja meðal annars staðfærslu, gildi, menningu, vöru og þjónustu og þess háttar. Ytri þættir eru meðal annars auðkenni og birtingarmyndir vörumerkisins, heimasíða, markaðsstefna, skynjun á vörumerkinu o.s.frv. Það eru skoðaðir innri ferla, tekjuleiðir, þjónustu við hagsmunaaðila, boðleiðir og þætti sem geta verið mikilvægir. Vörumerkjarýni er fjölþætt ferli. Vinnuferlið tekur mið af því að fá heilstæða mynd af vörumerkinu Reykjanesbær og því umhverfi sem það starfar í en það má ramma vinnuna í fimm þætti sem sjá mér hér fyrir ofan.

Þá þarf að huga að orðið vörumerki er afar gildishlaðið orð og snýst að litlu leyti um grafík / lógó heldur þær merkingar sem er hlaðið inn í vörumerkið til að byggja það upp til langrar framtíðar og tryggja að það nái til allra hagsmunaaðila.

## Leiðarljós

Þessum fimm skrefum er að ljúka og næsta skref er innleiðingin. Tilgangurinn með markaðs- og kynningarátaki fyrir Reykjanesbæ er að stuðla að jákvæðri þróun sveitarfélagsins með því að virkja hagsmunaaðila í það sameiginlega verkefni að styrkja ímynd og orðspor sveitarfélagsins á þann hátt að það laði að gesti, íbúa, fyrirtæki og fjárfesta og bæta um leið almenn lífsgæði allra íbúa.

Það er hins vegar öllum ljóst að breyting eða efling ímyndar á Reykjanesbæ verður ekki gerð á stuttum tíma heldur er þetta langhlaup sem kostar tíma, fjármagn, skuldbindingu, úthald, einbeitingu og vilja svo að vel takist til. Það er mikilvægt að hafa skýra framtíðarsýn og í þessu samhengi væri gott að hugsa sér hvernig bær ætti Reykjanesbær að vera eftir 10 ár og stefna þannig leynt og ljóst til að ná því markmiði.



**REYKJANESBÆR**  
**Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS**

Árskýrsla verkefnastjóra markaðsmála 2021

Gunnar Víðir Þrastarson

©Súlan Verkefnastofa 2021

Duus götu 5, 230 Reykjavík